

# Orkustofnun

## Ársskýrsla 1996

# YFIRLIT UM STARFSEMI ORKUSTOFNUNAR 1996

Orkustofnun fæst við rannsóknir á orkulindum landsins og orkubúskap þjóðarinnar ásamt ráðgjöf til stjórvalda í orkumálum. Þar að auki annast hún rannsóknir og ráðgjöf fyrir orkuþyrtæki og einstaklinga eftir sérstakri beiðni hverju sinni og gegn greiðslu. Stofnunin starfar samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967.

Hinn 12. september létt Jakob Björnsson af starfi orkumálastjóra fyrir aldurs sakir og við embættinu tók dr. Porkell Helgason. Hinum nýja orkumálastjóra var jafnframt falið að hrinda í framkvæmd skipulagsbreytingum á stofnuninni eins og nánar er greint frá í yfirliti hans. Þær fólu m.a. í sér setningu reglugerðar sem gildir frá 1. janúar 1997 svo og nýtt skipurit fyrir stofnunina.

Árið 1996 starfaði stofnunin í fjórum deildum eins og áður, tveimur á svíði orkurannsókna, á vatnsorku annars vegar og jarðhita hins vegar, einni sem sér um orkubúskaparmál, og loks sameiginlegri rekstrar- og þjónustudeild.

## Stjórnsýsludeild

annaðist bókhald og fjárreiður, rekstur skrifstofu, teiknistofu, bókasafns og tölvukerfis, svo og starfsmannahald.

## Orkubúskapardeild

fékkst við söfnun gagna um orkumál, úrvinnslu úr þeim og útgáfu. Hún annast einnig rannsóknir á orkubúskap þjóðarinnar, þ.e. orkunotkun og samhengi hennar við orsakir sínar og áhrifavalda, og (í samvinnu við aðra) orkuspár og gerð yfirlitsáætlana í orkumálum.

## Vatnsorkudeild

fékkst við rannsóknir á vatnsorku landsins, þar á meðal á rennsli fallvatna, aðstæðum til virkjunar á hentugum stöðum, möguleikum til vatnsmiðlunar og jarðfræðilegum aðstæðum fyrir stíflur, skurði, göng og stöðvarhús ofanjarðar og neðan. Ennfremur rannsóknir er lúta að rekstri vatnsorkuvera.

## Jarðhitadeild

annaðist rannsóknir á eðli jarðhitans og á jarðhitasvæðum landsins; aðstæðum til að vinna hann og tækninni við það, þar á meðal bortækni; nýtingarmöguleikum jarðhitans og viðbrögðum jarðhitasvæða við vinnslu. Ennfremur rannsóknir á áhrifum jarðhitavökvars á vinnslumannvirki, dreifikerfi og umhverfið.

Á eftir Annál orkumálastjóra er lýsing á starfseminni á hverri þessara deilda um sig á árinu 1996.

# Ársskýrsla 1996

## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnaformanns .....	1
Breytingar á rekstri og skipulagi Orkustofnunar .....	3
Annáll orkumála 1996 .....	5
Stjórnsýsla .....	9
Reikningar Orkustofnunar .....	11
Vatnsorkurannsóknir .....	12
Jarðhitarannsóknir .....	18
Ráðstefnur og kynningarstarf ....	26
Summary of Activities .....	27
Skyrslur og greinar .....	30
Starfsmannafélag Orkustofnunar	33

Mynd á kápu/ Cover photo:  
Blástur úr hljóðeyfi á holu 9 á Reykjanesi. Kísilhella í forgrunni. Ljósm. Helgi Torfason.

A blowing geothermal well at Reykjanes.

### Ritnefnd:

Páll Ingólfsson, ritstjóri  
Birgir Jónsson  
Ragna Karlssdóttir

### Hönnun:

Helga B. Sveinbjörnsdóttir

### Prentvinnsla:

Prentsmiðjan Oddi hf.



**ORKUSTOFNUN**  
National Energy Authority

Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Sími: 569 6000  
Fax: 568 8896

Netfang: os@os.is  
Veffang: http://www.os.is

## Ávarp stjórnarformanns

Árið 1996 var um margt viðburðarríkt fyrir Orkustofnun og starfsfólk hennar. Fyrst skal telja að á haustmánum ùðum var unnið að breytingum á skipulagi stofnunarinnar sem gengu í gildi um síðstu áramót. Á yfirstandandi ári mun svo starfsemi stofnunarinnar færast yfir í nýtt skipulag. Í öðru lagi lét Jakob Björnsson orkumálastjóri af störfum vegna aldurs. Jakob hefur gegnt stöðu orkumálastjóra frá árinu 1973 en hjá Orkustofnun hefur Jakob starfað frá árinu 1967 og þar áður hjá Raforkumálastkrifstofunni á frá 1954 til 1961. Eru honum færðar árnaðaróskir og um leið þakklæti fyrir framlag hans til orkumála síðstu áratugi. Við starfi orkumálastjóra tók dr. Þorkell Helgason og er hann boðinn velkominn til starfa.

Í byrjun níunda áratugarins var þeim áfanga náð að nánast öll orka landsmanna til húshitunar og raforku var framleidd með vatnsaflí og jarðhita. Þessu fylgdi mikill samdráttur í stóframkvæmdum í orkumálum. Samdráttur í starfsemi Orkustofnunar hefur einnig orðið mikill á sama tíma. Á þessu varð breyting á síðasta ári og hvað Orkustofnun varðar hefur einkum orðið aukning í jarðhitaraðgjöf. Ljóst er að stækkan álversins í Straumsvík ásamt hugsanlegri stækkan verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga og fyrsta áfanga álvers á Grundartanga hefur þegar haft þar áhrif. Það er vonandi að erlendir fjárfestar haldi áfram að líta á Ísland sem vænlegan kost svo að þessi stígandi í orkusölu haldi áfram.

Útgjöld Orkustofnunar á árinu 1996 voru um 383,2 Mkr sem er um 1% hækkuð frá árinu 1995. Rekstrartekjur hækkuð um rúm 14% frá fyrra ári og voru alls um 418,1 Mkr sem skiptist þannig að sértekjur voru um 212,8 Mkr sem er um 39% hækkuð frá fyrra ári, og fjárveiting ríkissjóðs var um 205,3 Mkr sem er tæplega 4% lækkun þegar tekið hefur verið tillit til hækknunar vegna launabreytinga. Tekjur umfram gjöld eru nú um 8,4% af tekjum sem eru talsverð umskipti frá fyrra ári þegar gjöld umfram tekjur voru 3,4% af gjöldum. Tekjuafgang 1996, sem er tæplega 35 Mkr, má einkum rekja til frestunar ríkisverka og hagnaðar af sértekjum.

Undirritaður gerði að umtalsefni í síðstu ársskýrslu þá breytingu sem orðið hefur á undirbúnungi framkvæmda með lögum um mat á umhverfisáhrifum. Með þessari lagasetningu er ljóst að hlutur umhverfismála og umhverfisrannsókna er mikilvægari en áður. Það var von míni að með lögunum myndi umfjöllun um þessi mál færast í fastari skorður og umræðan öll verða markvissari. Af þeiri umræðu sem verið hefur í gangi síðustu mánuði má hinsvegar draga þá ályktun að svo er ekki og er nú nauðsynlegt að velta fyrir sér hvernig koma megi upplýsingum um ýmis málefni betur til skila svo að sú umræða sem fram fer hverju sinni verði málefnalegri en raun ber vitni. Það skiptir miklu máli að finna samastað fyrir markvissa upplýsingaöflun þar sem aðgengi að gögnum verður opið þeim sem vilja kynna sér málefni betur. Það er nauðsynlegt að hafa stöðugt í gangi slíka upplýsingaöflun, svo mögulegt verði að fjalla um ýmis málefni í víðara samhengi en gert hefur verið, svo að fullyrðingar og gífurþrói sem þjóna þróngum sérhagsmunum verði ekki sífellt ofan á umræðu dagsins. Í þessu samhengi er nauðsynlegt fyrir þá sem stuðla vilja að frekari nýtingu orkuauðlindanna að setja sér langtímarkmið í umhverfismálum. Setja þarf af stað áætlun um hvernig afla megi nauðsynlegra grunngilda sem þurfa að vera þekkt á líklegum framkvæmdastöðum.

Skipulagi Orkustofnunar var breytt á árinu. Nú er Orkustofnun í megindráttum skipt upp í two hluta, orkumál og orkurannsóknir. Innan orkumálahluta er farið með orkumál almennt og Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna er þar einnig. Í þessum hluta fer m.a. fram skilgreining ríkisverka, forgangsröðun þeirra, gerð samninga við verktaka og ráðgjafa fyrir hönd ríkisins og eftirlit með að þeim samningum sé framfylgt. Innan orkurannsóknahluta eru vatnamælingar og rannsóknasvið, sem eru fjárhagslega sérgreindar rekstrarreiningar.

Ljóst er að við breytingar er aldrei hægt að sameina öll sjónarmið enda slíkt ekki tilgangur breytinga þeirra sem hér hafa verið gerðar. Hafa verður í huga að megin tilgangur breytinga á ríkistofnunum, eins og hér hafa verið gerðar, er að gera ljósara hvernig fjármunum skattborgaranna er varið hjá hinu opinbera, hvort heldur sem um er að ræða verk- og vörukaup af opinberum stofnunum og fyrirtækjum eða af einkareknum fyrirtækjum. Vonandi hefur það nú tekist hjá Orkustofnun þannig að jarðvegur hafi verið plægður fyrir aðra til að fylgja á eftir.


## Notkun frumorku á Íslandi 1996 og 1995

Primary Energy Consumption in Iceland in 1996 and 1995, in ktoe and PJ, from Hydro-electricity, Geothermal, Oil Products and Hard Coal, Respectively

Orkutegund	1996 <sup>1</sup>			1995		
	Þúsundir tonna að olíuígildi	PJ	%	Þúsundir tonna að olíuígildi	PJ	%
Vatnsorkrafmagn	408	17,1	16,8	401	16,8	17,1
Jarðhiti	1206	50,5	49,6	1154	48,3	49,2
Olía, keypt innanl.	621	26,0	25,5	600	25,1	25,6
Olía, keypt erlendis	131	5,5	5,4	127	5,3	5,4
Olía, samtals	752	31,5	30,9	726	30,4	31,0
Kol	64	2,7	2,7	62	2,6	2,7
SAMTALS	2431	101,8	100,0	2343	98,1	100,0

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur

## NOTKUN FRUMORKU Á ÍSLANDI Í PJ 1987-1996




## Notkun frumorku á Íslandi 1987 – 1996, PJ

Primary Energy Consumption in Iceland 1987 – 1996, in PJ, from Hydro-electricity, Geothermal, Oil Products and Hard Coal, Respectively

Orkutegund	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996 <sup>1</sup>
Vatnso.rafm.	14,1	15,0	15,2	15,0	15,0	15,5	16,1	16,2	16,8	17,1
Jarðhiti	40,9	42,3	43,7	44,2	45,0	42,6	46,4	45,7	48,3	50,5
Olía, k.inn.l.	21,2	22,5	22,4	22,8	22,0	23,8	24,3	24,2	25,1	26,0
Olía, k.erl.	9,8	9,1	7,8	6,5	7,0	6,6	6,6	6,5	5,3	5,5
Olía, samtals	31,0	31,6	30,2	29,3	29,0	30,4	30,9	30,7	30,4	31,5
Kol	2,7	2,7	2,9	2,7	2,8	2,0	2,0	2,9	2,6	2,7
SAMTALS	88,7	91,6	92,0	91,2	91,8	90,5	95,4	95,5	98,1	101,8

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur

## UPPRUNI RAFORKU 1996



## Raforkuvinnsla og verg raforkunotkun 1996 og 1995


Generation and Gross Consumption of Electricity 1996 and 1995

	1996		1995	
	GWh	%	GWh	%
<b>Uppruni raforku</b>				
Úr vatnsorku	4764	93,2	4679	94,0
Úr jarðhita	346	6,8	290	5,8
Úr eldsneyti	3	0,1	8	0,2
SAMTALS	5113	100,0	4977	100,0
<b>Tegund raforku</b>				
Fastaorka <sup>1</sup>	3983	77,9	3906	78,5
Ótryggð orka <sup>2</sup>	1130	22,1	1071	21,5
SAMTALS	5113	100,0	4977	100,0
<b>Notkun með töpum</b>				
Stóriðja <sup>1</sup>	2564	50,1	2498	50,2
Almenn notkun <sup>1</sup>	2549	49,9	2479	49,8
SAMTALS	5113	100,0	4977	100,0

<sup>1</sup> Flutnings- og dreifitöp meðtalin

<sup>2</sup> Stóriðja of rafskautskatlar. Flutnings- og dreifitöp meðtalin

## NOTKUN RAFORKU, MED TÖPUM 1996



## Breytingar á rekstri og skipulagi Orkustofnunar

### Inngangur

Um áramótin tóku gildi skipulagsbreytingar á Orkustofnun. Þeim verður hrint í framkvæmd á árinu 1997 og má því segja að frásögn af þeim ætti að bíða næsta ársskýrslu. Á hinn bóginn var undirbúnингurinn að mestu unnin á árinu 1996 og jafnframt er æskilegt að koma frettum af þessum breytingum sem fyrst til skila til lesenda. Því verður skýrt frá meginatriðunum í skipulagsbreytingunum með þessum pistli.

### Aðdragandi

Á vegum iðnaðarráðherra var á árinu 1996 unnið að endurskoðun á skipulagi og starfsháttum Orkustofnunar. Ýmsar hugmyndir um fyrrkomulag voru reifaðar og kannaði iðnaðarráðherra hug starfsmanna og orkuþyrirtækjanna til þeirra. Er skemmt frá því að segja að ráðherra beitti sér að lokum fyrir lausn sem hefði eftirfarandi að markmiði:

- Að aðskilja framkvæmd rannsóknar frá ráðgjafar- og stjórnsýsluhlutverki stofnunarinnar.

- Að ráðgjafar- og stjórnsýsluhlutinn, orkumálahluti, fái aukið vægi og taki í tímans rás við verkefnum frá ráðuneytinu.
- Að á orkumálahlutanum verði skilgreind verkefni, sem unnin eru fyrir fé á fjárlögum, samið um framkvæmd þeirra og þeim fylgt eftir.
- Að rannsóknarar séu reknar sem fjárhagslega sjálfstæð starfsemi, orkurannsóknahluti.
- Að orkurannsóknahlutinn standi undir sér með tekjum af rannsóknarsamningum, hvort sem er við orkumálahluta stofnunarinnar eða orkuþyrirtæki.

### Nýtt skipurit

Nýskipuðum orkumálastjóra, dr. Þorkelí Helgasyni, var falið að hrinda ofangreindum áformum í framkvæmd. Í samvinnu við ráðuneytið var samin reglugerð um Orkustofnun sem iðnaðarráðherra setti hinn 6. des. 1996 (nr. 632/1996) þar sem nánar er kveðið á um það fyrrkomulag sem að var stefnt. Á þessu var síðan hnykkt með staðfestingu ráðherra á skipuriti fyrir stofnunina í marsþyrjun 1997.

### Verkefnaskipting

Orkustofnun var í fyrra skipuriti skipt í fjórar megindeildir:

- Stjórnsýsludeild,
- orkubúskapardeild,
- vatnsorkudeild og
- jarðhitadeild.


Í hinu nýja skipulagi tekur þjónustusvið við hlutverki stjórnsýsludeilda, en svíðið sér um sameiginlega skrifstofu- og rekstrarþjónustu. Forstöðumanni stjórnsýsludeildar, Jóni Hauki Guðlaugssyni, hefur verið falið að gegna sömu stöðu á þjónustusviði.

Orkubúskapardeild er í raun óbreytt, en fellur nú undir orkumálsvið. Ekki hafði verið ráðinn deildarstjóri á deildinni um árabil, en að undangegninni auglýsingu var dr. Árna Ragnarssyni, falið að gegna þeiri stöðu.

Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna var starfræktur sem sérstakt verkefni á jarðhitadeild í fyrra skipulagi. Sérstaða skólans er undirstrikuð með því að gera hann nú að sérstakri rekstrarreiningu. Dr. Ingvar Birgir Friðleifsson, sem veitt hefur skólanum forstöðu nær samfellt frá upphafi, hefur verið staðfestur í stöðu forstöðumanns skólans.

Að athuguðu máli þótti rétt að skipta orkurannsóknahluta upp í tvær aðskildar rekstrarreiningar, vatnamælingar og rannsóknasvið. Meginrökin voru

### NÝTT SKIPURIT FYRIR ORKUSTOFNUN





Framkvæmdastjórn Orkustofnunar á fundi. Frá vinstri: Jón Haukur Guðlaugsson, Ingvar Birgir Friðleifsson, Árni Ragnarsson, Porkell Helgason, Ólafur G. Flóvenz, Árni Snorrason og Haukur Tómasson. Ljósm. Oddur Sigurðsson.

*The Orkustofnun executives at a meeting.*

þau að vatnamælingar hefðu rekstrarlega sérstöðu sem opinber þjónusta á meðan aðrar rannsóknir kynnu að búa við samkeppni á markaði. Dr. Árni Snorrason, sem veitt hefur vatnamælingunum forystu um langt árabil, gerir það áfram sem forstöðumaður í hinu nýja skipulagi.

Staða framkvæmdastjóra rannsóknasviðs var auglýst og var dr. Ólafur G. Flóvenz ráðinn til að gegna henni. Rannsóknasviðið tekur í meginatriðum við hlutverki jarðhitadeildar í hinu fyrra skipulagi, svo og verkefnum vatnsorkudeildar öðrum en vatnamælingum. Rannsóknasviðið er því stærst rekstrareininga Orkustofnunar og verður því

skipt í fagdeildir eins og í fyrra skipulagi, en þeim verður þó fækkað. Jafnframt verður verkefnastjórn efld og aukin.

Dr. Guðmundur Pálason var forstjóri jarðhitadeildar í fyrra fyrirkomulagi, en hættir nú fyrir aldurs sakir, en mun hafa starfsaðstöðu áfram til að sinna áhugamálum sínum.

Verkefni auðlindadeildar orkumálsviðs eru að hluta gömul en að hluta ný. Deildin aðstoðar orkumálastjóra við hvers kyns ráðgjöf við stjórnvöld á sviði orkumála og tengdra auðlindamála. En jafnframt fær deildin það verkefni að gera tillögur um ráðstöfun

á opinberum fjármunum til orkurannsókna. Það er gert með því að skilgreina einstök verkefni og semja um framkvæmd þeirra þar sem hagkvæmasti þykir, hvort sem það er við orkurannsóknahlutann eða aðra. Jafnframt er það hlutverk starfsmanna deildarinnar að hafa umsjón með framvindu rannsóknarverkefnanna, taka við niðurstöðum, túlka þær og vinna úr þeim. Þannig rækir deildin að hluta þá yfirverkefnisstjórnun, sem var fyrir hendi í fyrra skipulagi, en tekur jafnframt þátt í sjálfri framvindu rannsóknanna. Deildin þarf því á mjög hæfu starfsfólk að halda með breiðri yfirsýn.

Hauki Tómassyni, sem var forstjóri vatnsorkudeildar, hefur verið falið að gegna starfi deildarstjóra auðlinda-deildar.

Það er nýmæli í hinu nýja skipulagi að reglugerð mælir fyrir um að yfirmenn rekstrareininga skuli ráðnir almennri ráðningu við stofnunina, en er síðan falið að gegna yfirmannsstöðunum til fimm ára í senn.

## Stjórn og samráðsnefnd

Verkefni stjórnar er nokkuð það sama og í fyrra fyrirkomulagi, þ.e.a.s. að fylgjast með því að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Þá fjallar stjórnin um meginstefnu í starfsemi stofnunarinnar, þar með talið um starfsáætlun, fjárhagsáætlun og skipurit fyrir stofnunina svo og um langtíma markmiðssetningu.

Nýja reglugerðin kveður á um svokallaða tækninefnd. Fyrir henni er mælt í lögum, en starfi hennar hefur verið sinnt með öðrum hætti undanfarin ár. Nú er ætlunin að vekja hana til nýs lífs, sem samráðsvettvang Orkustofnunar og orkuiðnaðarins „til að stuðla að samvinnu þeirra og vera ráðgefandi t.d. við undirbúnung orkurannsóknáætlunar og mótuð langtímastefnu í orku- og auðlindarannsóknunum“, eins og segir í reglugerðinni. Ekki hefur enn verið skipað í nefndina. Beðið verður þess að sérstök ráðherraskipuð nefnd um orkurannsóknaráætlun ljúki störfum, en tækninefndin er sumpart arftaki hennar.

## Aðlögunartími

Enda þótt reglugerð um hið nýja fyrirkomulag hafi tekið gildi um s.l. áramót er ljóst að nokkurn tíma mun taka að hrinda því að fullu í framkvæmd. Þess



Stjórn Orkustofnunar. Frá vinstri: Ófeigur Sigurðsson, Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður stjórnar og Hákon Björnsson. Ljósm. Oddur Sigurðsson.

*The Orkustofnun Board of Directors.*

er vænst að aðlöguninni ljúki á árinu 1997.

Í ár eru liðin 30 ár frá því að sett voru lög um Orkustofnun og verður þess minnst með sérstakri ráðstefnu haustið 1997. Mikil aukning varð í starfsemi og umfangi stofnunarinnar á fyri helmingi þessa tímabils vegna umsvifa í orkumálum, bæði á svíði vatnsorku og jarðhita. Síðan varð breyting á, bæði vegna tilfærslu verkefna til annarra og vegna samdráttar í orkuframkvæmdum. En jafnframt hefur orðið nær samfelldur niðurskurður á fjárvettingum til stofnunarinnar. Í kjölfarið voru gerðar fjölmargar úttektir á Orkustofnun og þurfti hún að ganga í gengum sársaukafullar aðhaldaðgerðir.

Nú er mál að linni. Vonandi er fundið fyrirkomulag sem í senn tryggi eðlilegan aðskilnað ráðgjafar og rannsóknna og geri stofnuninni auðveldara að aðlagast breytingum í umsvifum. Jafnframt að fyrirkomulagið geri stofnunni kleift og um leið skilt að haga starfseminni þannig að hún sé jafnfætis einkarekstri á svíði þjónusturannsókna. Bjart er framundan með verkefni við þjónustu fyrir orkustarfsemina í landinu. En þess er líka vænst að þjóð og þing sjáí nauðsyn öflugra rannsókna á annari mestu auðlind landsins, orkulindunum, og búi Orkustofnun eðlilegan og tryggan sess.

*Jón Haukur Guðlaugsson*



Fyrverandi orkumálastjóri afhendir nýjum orkumálastjóra lyklana. Ljósm. Jón Haukur Guðlaugsson.

*Former Director General of Orkustofnun delivers the keys to his successor.*

## Annáll orkumála 1996

### Orkunotkun og orkuvinnsla

Vinnsla frumorku á Íslandi árið 1996 er skv. bráðabirgðatölum talin hafa numið 67,6 petajúlum (PJ), sem er 3,8% aukning frá fyrra ári. Þar af nam orkuvinnsla úr jarðhita 50,5 PJ, sem er 4,5% aukning, m.a. vegna aukinnar raforkuvinnslu úr jarðhita. Vinnsla rafmagns með vatnsorku nam 17,1 PJ sem er aukning um 1,8%. Hefð er fyrir því að reikna raforku í vattstundum (Wh), en 1 kWh svarar til 3,6 MJ. Pannig nam heildarraforkuvinnslan á s.l. ári 5113 GWh eða 18,4 PJ, sem svarar til 2,7% aukningar á milli ára.

Til viðbótar við innlenda orkuvinnslu telst innfluttr orka til frumorkunotkunar. Af olívörum (og fljótandi olíugasi) voru flutt inn 802 þús. tonn, er svara til 33,8 PJ, en af kolum 96 þús. tonn (2,7 PJ), en 1 PJ svarar til orku 23.883 tonna af olíu (olíuígilda).

Samtals nam vinnsla og notkun innfluttrar orku 101,8 PJ á árinu, sem þýðir 3,8% aukningu frá fyrra ári.

Álíka aukning varð í sölu raforku til stóriðjuvera (2,6%) og til almenningsveitna (2,8%).

Eins og undanfarin ár sér jarðvarmi fyrir 85% af húshitun á landinu og 84% landsmanna hita hús sín með þeim hætti.

Frumorkunotkun Íslendinga er með því mesta sem gerist í heiminum og svarar hún til 379 GJ á mann á árinu 1996 sem er 3,2% aukning frá árinu á undan. Heimsorkunotkun svarar til um 64 GJ á hvern jarðarbúa (árið 1994). Orkunotkun á mann er einna hæst í ríkjum Norður-Ameríku eða 327 GJ á íbúa (árið 1994). Á Norðurlöndum kemur Finnland næst okkur með um 250 GJ á íbúa (1994). Megnið af orkuvinnslu heimsins eða um 63% er úr kolum og olíu, en endurnýjanlegar orkulindir sjá einungis fyrir um 10% af orkupörfinni. Hjá okkur er þessu öðruvísi varið. Um tveir þriðjuhlutar okkar orkunotkunar (69%) kemur úr innlendum, endurnýjanlegum lindum, en af gangurinn er innfluttr eldsneyti.

Loftmengun vegna orkunotkunar okkar er því minni en flestra annarra þróáðra þjóða. Eldsneytisnotkun hérlandis leiddi til losunar á um 2100 þús. tonnum af koltvíssýringi eða ígildis hans árið 1994 eða um 7,9 tonnum á íbúa. Þetta er vissulega mikil miðað við það sem meðalborgari heimsins veldur, en það eru 3,7 tonn á íbúa. Miðað við orkunotkun er losunin hlutfallslega lítil eða um 22 tonn/PJ. Vart mun finnast lægra hlutfall í heiminum, en heimsmeðaltalið var um 100 tonn/PJ árið 1990. Við getum því með nokkrum sanni státað af hlufallslega hreinni orkuvinnslu. En það má gera enn betur. Eldsneytisnotkun við fiskveiðar og samgöngur er mikil. Eru ekki tök á sparnaði þar?

### Verðlag á orku

Gjaldskrá Landsvirkjunar hækkaði um 3% hinn 1. apríl. Þessi heildsöluverðshækken jónk til kostnað dreifiveitnanna að jafnaði um 1,8%, og hækkuðu flestar stærstu veiturnar gjaldskrár sínar um allt að 3% í kjölfarið. Rafmagn í vísitölu neysluverðs mældist á hinn böginn ekki hafa hækkað um meira en 1,4% frá jan. 1996 til jan. 1997, en til samanburðar hækkaði vísitala neysluverðs í heild um 2,0% yfir sama tímabil.

Verð á áli lækkaði á árinu og í samræmi við samninga lækkaði því verð á raforkusölu Landsvirkjunar til Ísal að jafnaði um 4% milli áranna 1995 og 1996. Á hinn bóginn hækkaði verð á rafmagni til annarrar stóriðju þannig að meðalverð á orku til stóriðju stóð að mestu í stað (lækkaði um 0,5%).

Verðlag á heitu vatni hækkaði að jafnaði um 3,7% á árinu 1996, en mjög mismunandi eftir veitusvæðum. Þannig hækkaði gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur í tvígang, samanlagt um 7,4%. Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja var óbreytt en Hitaveita Akureyrar lækkaði sitt verð um 2,4% í ársbyrjun. Á mælikvarða vísitölu neysluverðs hækkaði húshitunarkostnaður á árinu um 3,7%, en þar munar mest um hækkun á heitu vatni á veitusvæði Hitaveitu Reykjavíkur eins og fyrir segir.

Eldsneytisverð hækkaði allverulega á árinu, bensín um 10-11% eftir styrkleika, díselolía á bíla um 19%, gasolía til skipa um 24-27%, en svartolía hækkaði um 14%. Hér endurspeglast hækkun á heimsmarkaðsverði á olíuvörum. Opinber gjöld á olíuvörum breyttust ekki nema hvað vegagjald á bensíni var hækkað um 2,6%. Þáttur bensíns í reksturskostnaði heimilisbíls hækkaði um 10,8% mælt á vísitölu neysluverðs.

Súluritið hér að neðan sýnir hækkanir á orkuverði í samanburði við hækkun á vísitölu neysluverðs.

Orkuliðir í útgjöldum heimilanna nema samtals um 7%. Þar af vegur bensínó mest eða 4,5%, hiti 1,8% og rafmagn 1,2%. Mikil hækkun á bensíni vegur



Tvær lágþrýstiholur voru boraðar í Kröfli á þessu ári í tengslum við fyrirhugaða stækkun virkjunarinna í 60 MW. Hér er Jötunn við borun holu KJ-28 í Leirbotnum. Ljósm. Sigurður Sveinn Jónsson.

*Drilling of well KJ-28 at Krafla.*

því þungt í hækkun vísitölu neysluverðs.

þetta ár þegar stækkun álversins í Straumsvík er kominn í rekstur.

## Helstu framkvæmdir í orkumálum

### Landsvirkjun


Hjá Landsvirkjun var haldið áfram endurnýjun og umbótum á vél- og rafbún-aði Sogsstöðvanna og stækkun Búrfellsstöðvar um 60 MW. Einnig var inn-takslón virkjunarinna dýpkað og undirbúin viðamikil viðgerð á inntaksristum. Öllum meiriháttar framkvæmdum við Búrfell skal vera lokið um mitt

Ákveðið var að stækka Kröfluvirkjun úr 30 MW í 60 með því að setja upp vél þá sem var keypt í byrjun framkvæmda í Kröfli árið 1975 en hefur aldrei verið tengd. Nauðsyn er að afla meiri gufu til þess að ná fullu afli og voru boraðar tvær holur eftir lágþrýstigufu.

Við Blönduvirkun voru Blöndustífla og yfirfallið úr Blöndu hækkuð um tæpa fjóra metra. Framkvæmdum lauk í byrjun vetrar og er rými í lólinu nú 400 GI í stað 220 GI áður. Einnig var samansafnaður framburður hreinsaður úr frárennlisskurði stöðvarinnar og ráðstafanir gerðar til þess að hindra meiri framburð í framtíðinni.

Langt er komið framkvæmdum við 5. áfanga Kvíslaveitu sem hófust síðasti- liðið vor. Stefnir er að því að ljúka framkvæmdum að fullu fyrir haustið 1997 og þá munu efstu kvíslar Þjórsá ásamt bergvatnsánum austan megin við Þjórsá renna í Þórisvatnsmiðlun. Lokið var við lagfæringu á grjótvörninni á Köldukvíslarveitu og hreinsað grjót úr Köldukvíslarskurði.

Lokið var öllum undirbúningi fyrir uppsetningu á 220 kV raðþéttum fyrir Búrfellslínu 3B og 11 kV samsíðaþéttum í aðveitustöðvunum á Geithálsi og Hamranesi. Einnig var samið um framleiðslu og uppsetningu á 132 kV rofa-búnaði í tengivirkini í Hamranesi vegna samsíðaþéttanna. Sömuleiðis var undirbúin breyting á varnarbúnaði



Súlurit um hækkanir á orkuverði í samanburði við hækkun á vísitölu neysluverðs 1996.  
The rise in energy prices in comparison to the rise in consumer price index.

annars vegar á 220 kV og 132 kV línum um á SV-landi og hins vegar á aðveitustöðvunum á Brennimel, Geithálsi og Hamranesi auk stöðvanna í Búrfelli, Hrauneyjarfossi og Írafossi.

### Rafmagnsveitur ríkisins

Hjá Rafmagnsveitum ríkisins var haldið áfram vífðækum endurbótum á búnaði Skeiðfossvirkjunar sem meðal annars fólust í því að framvegis verður hægt að gæta hennar og stýra annars staðar frá.

Ný 132 kV lína var lögð frá Eyyvindará við Egilsstaði til Seyðisfjarðar. Lengd línnunnar er 18,7 km. Í fyrstu verður nýja línan keyrð á 66 kV spennu. Þess vegna voru byggðir 66 kV útgangar í aðveitustöðvunum á Eyyvindará og Seyðisfirði.

Frá Kópaskeri að Brúarlandi í Þistilfirði var lagður 33 kV jarðstrengur en frá Brúarlandi er nýleg lína til Þórshafnar á Langanesi. Ekki stóð til að leggja þennan streng fyrir en árið 1998 en framkvæmdum var flýtt þar eð gamla línan fór mjög illa í óveðrinu í október 1995.

Einnig var lögð ný lína til þess að tengja Laugarbakka og Hvammstanga betur við aðveitustöðina í Hrútatungu. Þá var sett upp ný 1200 kW díselvél á Siglufirði. Ástimplað afl díselvélá á Siglufirði er nú 2500 kW.

Á síðasta ári var helmingi meira lagt af jarðstrengjum í dreifikerfi í sveitum en áður. Endurnýjun og nýlagrir í þeitbýli voru með líkum hætti og áður nema þá helst það að spennafl var aukið hjá mörgum frystihúsum vegna álags við frystingu á síld og loðnu.

Haldið var áfram jarðhitaleit í Stykkishólmi og voru boraðar nokkrar hitastigulsholar til viðbótar áður en vinnsluhola var staðsett í landi Höfstaða. Lokið var við vinnsluholuna í nóvember. Hún er 855 m djúp og með mikið af 87°C heitu vatni. Ákvörðun um hitaveitu í Stykkishólmi verður tekin að loknum mælingum og langtíma-dælingu.

### Rafmagnsveita Reykjavíkur

Framkvæmdir í aðveitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur voru ekki miklar á árinu. Bætt var við nýjum 25 MVA afspenni í Aðveitustöð 7 á Hnoðraholti. Haldið var áfram framkvæmdum við 11 kV rofabúnað í Aðveitustöð 3 við Borgartún. Unnið var að festingum afspenna í aðveitustöðvum. Gert var við stöðvarhús Aðveitustöðvar 8 við Korpu.

Rafmagnsveitunni var á árinu falið að annast undirbúning og framkvæmdir við 132 kV Nesjavallalínu, sem er loftlína og jarðstrengur frá Nesjavöllum að Aðveitustöð 8. Unnið var að vali línustæðis, mælingum, hönnun og umhverfismati.

Framkvæmdir voru víða við nýlagningu rafdrififerfis, m.a. í Grafarvogi (Borgahverfi og Víkurhverfi) og við Kirkjutún í Reykjavík, svo og í Linda-hverfi í Kópavogi og Höfðahverfi í Mosfellsbæ. Unnið var einnig að endurnýjun eldri lagna í Reykjavík, samhliða framkvæmdum við hitaveitulagnir. Á árinu voru 10 dreifistöðvar teknaðar í notkun. Unnið var að mælingum á jarðskauti dreifistöðva. Rafmagnsveitan annaðist nýframkvæmdir og rekstur götulýsingar fyrir viðkomandi sveitarfélög.

Gengið var frá samningi við kanadíska fyrirtækið CAE Electronics Ltd um kaup á nýju stjórnkerfi fyrir aðveitu- og dreifikerfi Rafmagnsveitunnar og unnið að undirbúningi að uppsetningu, en kerfið verður tekið í notkun 1997.

Skráningu í landupplýsingakerfi miðaði vel áfram á árinu og í árslok var innsetningu alls rafdrififerfisins í Reykjavík og Kópavogi lokið. Að auki voru áætlanir um ný dreifikerfi á veitusvæðinu unnin í kerfinu.

### Orkubú Vestfjarða

Síðastliðið ár var eitt mesta framkvæmdaár í sögu Orkubús Vestfjarða frá upphafi. 66 kV línan frá Mjólká í Breiðadal var styrkt verulega í Arnarfirði og í Bjarnadal í Önundarfirði. Sömuleiðis var jarðstrengur lagður í Arnarfirði á 2,5 km kafla í stað 33 kV línu sem lá undir áföllum í óveðri. Til viðbótar voru plægðir niður 20 km af jarðstrengjum víðs vegar á Vestfjörum.

Nýr 2 km langur 12 kV sæstrengur var lagður yfir Dýrafjörð í stað þess gamla sem var ónýtur. Að auki var gert við annan 33 kV sæstreng sem einnig liggur yfir Dýrafjörð. Ný aðalspennistöð var byggð á Flateyri og sömuleiðis var allur annar rafbúnaður endurnýjaður sem skemmdist í snjóflóðinu í október 1995.

Lokið var við tengingu á útbúnaði fyrir fjargæslu í aðveitustöðunni á Patreksfirði og uppsetningu á rofa fyrir strenglögnum á Keldeyri í Tálknafirði.

Stjórn- og varnarbúnaður var allur endurnýjaður fyrir Sængurfossvirkjun í Mjóafirði við Ísafjarðardjúp. Haldið var áfram rannsóknun á kostum til virkj

unar á Glámuðsvæðinu. Miklar endurbætur voru gerðar á háspennudreififerfinu á Ísafirði og Hólmavík.

Framkvæmdir við R/O hitaveitur Orku-búsins voru þær helstar að ný kyndistöð var tekin í notkun í Holtahverfinu á Ísafirði. Lokið var við að leggja í flest hús og þar af að tengja u.p.b. 50. Sömuleiðis var nýr áfyllingarbúnaðar keyptur fyrir dreifkerfið á Ísafirði og nokkur hús við Urðaveg voru tengd við kyndistöðina á eyrinni. Einnig keypti Orkubúið Hitaveitu Reykhóla í Reykhólahreppi. Alls njóta 130 manns jarðhita til húshitunar á Reykhólum.

### Hitaveita Reykjavíkur

Framkvæmdir Hitaveitu Reykjavíkur voru þær helstar að boraðar voru tvær 1000 m djúpar rannsóknarholur. Önnur er við Höfsstaðaskóla í Garðabæ en hin við íþróttasvæði ÍR í Breiðholti. Á Nesjavöllum var byrjað á undirbúningi fyrir rafmagnsframleiðslu orkuvers með tveimur 30 MW vélum. Boruð var ein grunn en sver dæluhola til viðbótar í grunn stöðvarhússins og síðan byggt við vélasalinn. Einnig var undirbúin stækkun skiljuvatnsaðeitunnar en framkvæmdir við hana eiga að hefjast 1997. Lokið var við tengingu á varaspenni í tengivirkri á Nesjavöllum.

Lokið var við að leggja B-áfanga Suðuræðar þ.e. milli Breiðholts og Garðabæjar og einnig að leggja Grafarholtsæð með tilheyrandi tengingum í loka-húsi og undirgögnum við Vesturlands-veg. Ný stofnæð var lögð frá Kapla-krika að Lækjargötú í Hafnarfirði og ný frárennslislögn frá dælustöð við Forn-haga til sjávar sunnan Ægissíðu í Reykjavík. Lokið var stækkun skrif-stofubyggingar við Grensásveg. Einnig var stjórnstöð á sama stað endurbætt og stækkuð. Mikil endurnýjun var á heim- og götuæðum í vestur- og austurbæ Reykjavíkur og í Kópavogi. Hús sem voru tengd dreifikerfi hitaveitunnar á árinu námu samanlagt 811.049 m<sup>3</sup>.

### Hitaveita Suðurnesja

Hitaveita Suðurnesja hélt áfram undirbúningi vegna byggingar á húsi í Svartsengi fyrir móttöku og kynningar annars vegar og mótnueytí hins vegar. Sömuleiðis var haldið áfram endurnýjun á öllum stjórbúnaði í orkuverinu í Svartsengi, dælustöð, og aðveitustöð. Markmiðið er að hægt verði að stjórn öllum stýrkerfum hitaveitunnar frá eindum stað. Haldið var áfram með skráningarkerfi sem auðveldar allt viðhald og lækkar kostnað.

Lokið var á árinu við að leggja 36 kV jarðstreng frá Kálfatjarnarkirkju að

Vatnsleysu, auk lágspennustrengja, símastrengja og ljósleiðara til undirbúnings því að koma rafmagni og símasambandi á vinnustað við byggingu álverksmiðju á Keilisnesi í landi Flekkuvíkur, ef til kemur. Lokið var við byggingu aðveitustöðvar á Hólmsbergi við Helguvík og hún tengd við 36 kV jarðstreng sem áður var búið að leggja. Fiskimjölsverksmiðjan Helguvíkmjöl ehf. verður í fyrstunni stærsti kaupandi orku í Helguvík. Til stendur að setja upp 10 eða 12 MW rafskautsketil í verksmiðjunni. Einnig var lokið styrkingu dreifikerfisins frá Keflavík að aðveitustöð í Garðinum.

Haldið var áfram athugun á hagkvæmni magnesíumverksmiðju á Reykjanesi, og kostnaði hitaveitunnar breytt í hlutafé í Íslenska magnesíumfélagini hf.

### Aðrar framkvæmdir

Fyrir Hitaveitu Blönduóss var boruð ný vinnsluhola á Reykjum á Reykjabraut. Nýja vinnsluholan átti að vera varahola en er besta holan á svæðinu. Líkur eru á því að nýja holan verði aðalvinnsluhola hitaveitunnar en hinar þrjár gömlu verði til vara.


### Orkufrekur iðnaður

Á árinu var hafist handa við að auka afköst áversins í Straumsvík úr u.p.b. 100 þús. tonnum á ári í um 162 þús. tonn, en gengið hafði verið frá samningum þar að lútandi síðla árs 1995. Ráðgert er að nýr kerskáli verði tekinn í notkun á miðju sumri 1997.

Haldið var áfram viðræðum milli Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins annars vegar og Columbia Ventures Corp. hins vegar um byggingu og rekstur ávers á Grundartanga með 60 þús. tonna ársafköstum en með möguleika á stækkun í allt að 180 þús. tonn. Drög að samningum við Landsvirkjun og stjórnvöld voru áritaðir haustið 1996, en bíða endanlegrar afgreiðslu sem væntanleg er vorið 1997. Umhverfisráðherra staðfesti umhverfismat vegna þessara framkvæmda í júní og tillaga að starfsleyfi var auglýst í nóvember.

Teknar voru aftur upp viðræður við Atlantsálhóppinn um álver á Keilisnesi. Ákveðið var að láta endurmetsa hagkvæmnisútreikninga.

Hugmyndir voru uppi um stækku á iðjuveri Íslenska járnblendifélagsins h.f. á Grundartanga úr tveimur ofnum í þrjá eða fleiri. Samningar um orkusölu Landsvirkjunar til Járnblandifélagsins voru endurskoðaðir, en gildandi samn-



Vöxtur orkusölu til almenningsveitna og stóriðju 1969-2005.

*The increase in general power consumption and in sale to power intensive industries.*

ingar renna út árið 1999. Hinn nýji samningur veitir Járnblandifélaginu heimild til að kaupa raforku til þriðja ofnsins, enda verði tekin ákvörðun þar um í byrjun þessa árs. Þegar þetta er ritað er óvist hvort eða hvenær af þessum stækkunaráformum verður.

Framtíð Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi er enn óljós. Orkusamningur hennar við Landsvirkjun var þó framlempendur út árið 1997. Leitað hefur verið leiða til að finna aðra orkufreka iðju-kosti, sem nýtt geti aðstöðu og mannafla Áburðarverksmiðjunnar, fari svo að hún hætti starfsemi. M.a. voru kannaðir möguleikar á sinkvinnslu, en þeir virðast ekki lengur raunhæfir.

Íslenska magnesíumfélagið h.f. var stofnað á árinu 1995 til að láta gera hagkvæmnisathugun á rekstri magnesíumvinnslu á Reykjanesvæðinu. Fyrri þætti þeirrar athugunar var lokið á miðju s.l. ári og var þá hlutafé aukið um 70 m.kr. til að kosta framhaldsa-thugun. Núverandi hugmyndir miða við verksmiðju með 50 þús. tonna ársafköstum. Orkuþörf hennar yrði um 900 GWh af rafmagni á ári auk 1,2 millj. tonna af jarðgufu.

Í júlí var stofnað Jarðgufufélagið, en að því standa iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbær. Hlutverk félagsins er að kanna möguleika á því að afla hagkvæmrar jarðgufu til afhendingar við Straumsvík til stórnata í iðnaði. Tilefnið var m.a. fyrirspurn erlendra aðila um aðstöðu til að reisa hér og reka pappírsverksmiðju.

Mikil almenn umræða var á árinu um stóriðju, kosti hennar og galla, einkum umhverfisáhrif hennar. Jafnframt var rætt um umhverfisáhrif virkjana. Ljóst er að umræðan mun halda áfram og að finna þarf skynsamlega sátt milli umhverfissjónarmiða og atvinnuuppgyllingar.

Á myndinni hér að ofan er sýnd sala á raforku til stóriðju allt frá því að Íslenska álfélagið hóf rekstur á árinu 1969 til síðasta árs, ásamt með spá um framhaldið næstu árin miðað við áframhaldandi rekstur Áburðarverksmiðjunnar, stækkenum Ísal og fyrsta áfanga ávers á Grundartanga, en þar er ekki gert ráð fyrir stækkenum á Járnblandiverksmiðjuni.

### Stefnumótun stjórnvalda

Eins og boðað var í síðustu árskýrslu setti iðnaðarráðherra á árinu á laggirnar ráðgjafarnefnd, orkunefnd, vegna endurskoðunar á löggjöf um vinnslu, flutning og dreifingu orku. Tilefni nefndarskipunarinnar er að hluta sú þróun sem hefur orðið á fyrirkomulagi orkumála víða um lönd, svo og tilskipun Evrópusambandins um raforkumáli sem var endanlega frágengin í des. 1996. Væntanlega mun sú tilskipun ná til EES-svæðisins alls. Í orkunefndinni sátu um tveir tugir manna og skilaði hún ítarlegri skýrslu til ráðherra í októberbyrjun 1996, þar sem gerðar eru til-lögur um breytingar. Tilgangur þeirra er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri nýtingu orkulindanna. Í því skyni leggur nefndin til aðskilnað í

vinnslu, flutningi, dreifingu og sölu á rafmagni í þeim tilgangi að koma á samkeppni í áföngum.

Eigendur Landsvirkjunar, ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, áttu í viðræðum á árinu um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki fyrirtækisins. Viðræðunefndin skilaði álti í októberlok. Samtímis var gerður samningur milli ríksstjórnarinnar og umræddra sveitarfélaga þar sem endurskoðuð eru eigendaframlög, markmið sett um raunlækkun á rafmagnsverði og um arðsgreiðslur til eigenda. Jafnframt er kveðið á um að kanna skuli stofnun hlutafélags um Landsvirkjun fyrir árslok 2003. Þá urðu aðilar sammála um efni lagafrumvarps til áréttið samkomulagsins, en þar er m.a. kveðið á um nýja skipan á stjórn fyrirtækisins.

Iðnaðarráðherra ásamt forystumönnum í orkumálum endurgalt í september heimsóknorkusenators Hamborgar hingað til lands sumarið 1994. Rætt var um möguleika á lagningu sæstrends frá Íslandi til landa við Norðursjó. Gengið var frá samkomulagi um sameiginlegan vinnuhóp til frekari könnunar málsins, en öðrum áhugasönum aðilum yrði boðin aðild að hópnum. Á árinu kom fram bráðabirgðaálit ICENET-hópsins um sæstrendsmálið, en unnið var að endurskoðun álitsins á árinu.

Alþingi samþykkti í þinglok vorið 1996 breytingu á lögum um erlenda fjárfestingu sem setur íbúa á EES-svæðinu jafnréttiháa Íslendingum um að mega eiga virkjanaréttindi og eiga fyrirtæki til orkuvinnslu og orkudreifingar. Jafnframt er heimilað að gera fjárfestingarsamninga við önnur erlend ríki um sama efni. Á hinn böginn gilda áfram almenn ákvæði orkulaga um virkjunarleyfi.

## Útgáfa Orkumála

Orkumál, talnalegt ársrit Orkustofnunar um orkubúskaparmál, hefur ekki komið út í áratug, en nú er tilbúið til útgáfu rit fyrir árið 1994 og síðan er ætlunin að hafa reglu á útgáfunni og vinna upp það sem á vantar. Í Orkumálum munu koma fram ýmsar upplýsingar til fyllingar þessum annál.

Annáll þessi var ritaður í samstarfi ýmissa starfsmanna Orkustofnunar með góðri aðstoð orkuþyrtækja.

Orkumálastjóri

## Stjórnsýsla

Helstu verkefni á stjórnsýsludeild voru fjárreiður, bókhald og starfsmannahald. Einnig ýmis sameiginleg þjónusta svo sem útgáfa, rekstur teiknistofu, bókasafns, húsnæðis, matstofu og tölvu.

## Fjármál

Samkvæmt rekstrarreikningi stofnunarinnar voru rekstrargjöld ársins 1996 alls 383,2 milljónir króna en 379,0 milljónir árið 1995. Raunvirði rekstrar gjalda Orkustofnunar læKKUð um 4,3 milljónir milli ára eða um rúmt 1%. Rekstrartekjur (með fjárveitingu) ársins 1996 voru 418,1 milljónir króna en voru 366,2 milljónir árið 1995. Raunvirði rekstrar tekna hækkuð um 43,6 milljónir króna milli áranna. Rekstrarafgangur ársins var 35,0 milljónir króna en á árinu 1995 var rekstrartap upp á 12,8 milljónir króna.

Fjárhheimildir á árinu 1996 námu 205,3 milljónum króna en voru 213,2 milljónir króna á árinu 1995. Fjárveitingar til Orkustofnunar læKKUð að raunvirði um 12,7 milljónir króna milli áranna 1996 og 1995 eða um 5,8%.

Sértekjur, fyrir selda þjónustu ofl., urðu 212,8 milljónir króna á árinu 1996 en


voru 153,0 milljónir árið 1995, og jukust að raungildi um 56,3 miljónir milli áranna eða um 36%. Mesta aukning varð vegna verkefna fyrir Landsvirkjun, Vegagerðina og Hitaveitu Suðurnesja. Frá Landsvirkjun jukust tekjurnar að raungildi um 16,6 milljónir króna, Vegagerðinni um 12,8 milljónir króna og Hitaveitu Suðurnesja jukust tekjurnar að raungildi um 10,1 milljónir króna. Nokkuð minna var unnið í sérverkefnum fyrir iðnaðarráðuneytið, hafsbotsrannsóknir, á árinu 1996 en á árinu 1995 eða fyrir 2,0 milljónir á árinu 1996 en á árinu 1995 var unnið fyrir 3,0 milljónir króna. Raunlækkun er um 1,1 milljón króna.

Laun og launatengd gjöld á árinu 1996 voru 235,6 milljónir króna eða um 62% af rekstrargjöldum ársins. Á árinu 1995 námu laun og launatengd gjöld 227,2 milljónum króna eða 60% af rekstrar gjöldum þess árs.

## Starfsmannahald


Starfsmenn Orkustofnunar voru í lok ársins 87, þar af var einn starfsmaður í launalausu leyfi, og er það sex starfsmönnum færra en árið á undan.

Nýtt stöðugildi við stofnunina í árslok



Ársverkum fækkaði um rúmlega 5 frá 1995 til 1996.

The number of full-time staff at Orkustofnun 1983-1996.



Þróun heildarútgjalda, fjárveitinga og launa árin 1987-1996. Eigin tekjur Orkustofnunar brúa bilið milli útgjalda og fjárveitinga.

A diagram showing the trend in total expenses (1), direct government funding (2) salaries and wages (3) for Orkustofnun, respectively.

voru 81,9, er þá ekki talinn með sá starfsmaður sem er í launalausum leyfi, og er það fækkun um tæplega sjó frá fyrra ári. Unnin ársverk við stofnunina voru 87,3, þar af voru 5,8 ársverk unnin af sumar- og afleysingafólkí. Árið áður voru ársverkin 92,5 þar af sumarfolk 4 ársverk.

Jakob Björnsson orkumálastjóri létt af störfum í september og Guðmundur Pálmasón forstjóri Jarðhitadeilda um áramót. Þeir hafa verið starfsmenn Orkustofnunar og forvera hennar Raforkumálaskrifstofunnar, Jakob frá 1954 og Guðmundur frá 1955. Er þeim þakkað langt og heilladrjúgt starf í þágu Orkustofnunar og orkurannsóknna á Íslandi og óskað velfarnaðar á komandi árum.

## Þjónusta og rekstur

Húsnaðið sem Orkustofnun hefur til umráða að Grensásvegi 9 undir skrifstofur, bókasafn, teiknistofu og fleirra er samtals 3.290 m<sup>2</sup>. Í kjallara hússins leigir stofnunin um 700 m<sup>2</sup> húsnæði af Sölunefnd varnarliðseigna og nýtir það sem geymslur fyrir bókasafn, bókhaldsgögn, bifreiðar, vélsleða og ýmsan annan búnað. Einnig leigir stofnunin húsnæði í Kópavogi undir borholumælingabíla stofnunarinnar og til viðgerða á mælitækjum í þeim og á öðrum mælitækjum. Þá á stofnum húsnæði að Keldnaholti, sem aðallega er nýtt sem geymslur fyrir borkjarna og svarf.

Tölvuvinnsla Orkustofnunar fer að mestu leyti fram á nettengdum vinnustöðvum af gerðinni Hewlett Packard 9000/720 og 9000/735. Við netið voru í árslok tengdar um 60 háupplausnar útstöðvar (nettölvur) sem vinna samkvæmt X-Windows kerfinu. Auk þess eru um fjórir tugir PC tölva, og örfáar eldri (VT220) útstöðvar sem tengdar eru með raðtengjum.

Tveir netþjónar stofnunarinnar voru uppfærðir, þar sem stýrikerfið hefur tekið á sig nýja mynd (HPUX 10.10), en þeir voru allir áður á eldri útgáfu (HPUX 9.05).

Samanlagt vinnsluminni netþjóna er 584 Megabæti, þar sem mesta minni í einum netþjón er 144 Megabæti. Samanlagt diskapláss netþjóna er 21 Gígabæti.

Geta afritatöku er um 6 Gb/dag.

Engir nýir prentarar bættust við, en tveir teknir úr notkun.

Vinna í Arc/Info hefur aukist mikil í árinu, og er nú komið talsvert af korta-upplýsingum í gagnagrunninn. Einnig bættist við GMT, forrit sem gerir kleift að varpa kortum yfir á það form sem þarf hverju sinni.

Á bókasafni Orkustofnunar voru í árslok 1996 skráðar um 13.500 bækur og skýrslur og um 150 erlend og innlend tímarit. Bóka- og tímaritakostur safnsins er einkum miðaður við þarfir starfs-

manna Orkustofnunar. Aðalefn safnsins er bækur, tímarit og skýrslur á svíði orkumála og jarðvísinda.

Í málasafni Orkustofnunar, sem er hluti af bókasafni, eru m.a. varðveishtar rannsóknarskýrslur stofnunarinnar ásamt skýrslum og skjölum varðandi þau mál, sem stofnunin fæst við.

Starfsmenn bókasafnsins sjá um dreifingu á skýrslum Orkustofnunar, og eru þær til sölu á bókasafni meðan upplag endist.

Bókaverðir útvega ljósrit af greinum og rit að láni úr öðrum söfnum fyrir starfsmenn. Samsvarandi þjónusta er einnig veitt öðrum söfnum.

Á teiknistofu bættust um 650 teikningar við í teiknisafnið. Skráðar og varðveishtar teikningar í safninu eru orðnar milli þrjátíu og fjörtíu þúsund, sú elsta frá 18. apríl 1935.


Árið 1996 voru gefnar út alls 80 skýrslur, sem skiptast í 16 A-skýrslur og 64 B-skýrslur. Að venju var gefin út ársskýrsla Orkustofnunar fyrir undangengið ár. Hér að aftan er að finna skrá fyrir útgefnar skýrslur og rit ársins. Einnig er þar skrá yfir helstu greinar, sem starfsmenn hafa skrifnað, og birst hafa á öðrum vettvangi, svo og skýrslur Jarðhitaskóla Háskóla Samteinuðu þjóðanna.

# REIKNINGAR ORKUSTOFNUNAR 1996

## Rekstrarreikningur

REKSTRARTEKJUR	1996	1995
	þús.kr.	þús.kr.
Fjárveiting til Orkustofnunar .....	205.292	213.171
Sértekjur:		
Framlög til Jarðhitaskóla Háskóla S.P.	47.901	39.651
Sérverkefni fyrir iðnaðararáðuneytið ...	2.000	3.000
Seld þjónusta önnur .....	160.006	107.348
Ýmsar tekjur .....	2.933	2.992
REKSTRARTEKJUR ALLS .....	418.132	366.162


REKSTRARTEKJUR 1995



## Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld .....	235.562	227.207
Annar rekstrarkostnaður .....	132.019	128.934
Stofnkostnaður .....	15.605	22.843
REKSTRARGJÖLD SAMTALS .....		
	383.186	378.984

REKSTRARTEKJUR 1996




Gjöld umfram tekjur .....		12.822*)
Tekjur umfram gjöld .....	34.946	
Gjöld umfram tekjur sem % af gjöldum		3,38%
Tekjur umfram gjöld sem % af tekjum .	8,36%	

\*) Ráðstaðað af höfuðstól skv. ákvörðun stjórnar  
Orkustofnunar og orkumálastjóra.

## Efnahagsreikningur

EIGNIR	þús.kr.	þús.kr.
Bankareikningar .....	20.181	2.742
Skammtímaskuldir .....	58.875	36.664
EIGNIR ALLS .....		
	79.056	39.406


REKSTRARGJÖLD 1995



## SKULDIR

Skammtímaskuldir .....	24.345	19.641
SKULDIR ALLS .....	24.345	19.641

REKSTRARGJÖLD 1996



## EIGIÐ FÉ

Höfuðstóll .....	54.711	19.765
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS .....	79.056	39.406

Eitt meginhlutverk Orkustofnunar samkvæmt orkulögum er að framkvæma og samræma rannsóknir á orkulindum landsins, eiginleikum þeirra og nýtingarmöguleikum. Þáttur Orkustofnunar í rannsóknum á vatnsorku og virkjun hennar er þannig fyrst og fremst í því fólginn að gefa vel grundað yfirlit um hvar hagkvæmt er að virkja og reyna að meta hvaða áhrif virkjunarhugmyndir hafa á umhverfið. Þessar upplýsingar eru síðan grundvöllur stjórvalda og virkjunaraðila við mat á því hvaða virkjunarkostir henti best til þess að fullnægja ýmiskonar sviðssýnum um mögulegan markað fyrir orkuna. Af því leiðir að Orkustofnun þarf að kanna virkjanir sem geta tekið til starfa eftir 10-20 ár eða í enn fjarlægari framtíð.

Í þeim undirbúningsrannsóknum sem eru nauðsynlegur undanfari virkjunar þarf að byggja á nákvæmum landslagskortum, vitnesku um rennsli og rennsliseiginleika vatnsfalla, þekkingu á jarðfræði og umhverfismálum. Af þessum grundvallar upplýsingum hefur rennsli vatnsfalla þá sérstöðu að

vera breytilegt milli ára. Sá breytileiki ákværðar orkuvinnslu virkjana og því er nauðsynlegt að mælingar á rennsli nái yfir sem lengstan tíma.

### Virkjunaráætlanir

Árið 1996 var áfram unnið eftir áætlun um Átak í vatnsorkurannsóknum það miðast við tímanlegan undirbúning virkjana, sem er forsenda þess að vonir um nýja uppbryggingu á raforkusviðinu á næstu tveimur áratugum verði að veruleika. Rannsóknaráætlanir eru byggðar á niðurstöðum mats á því hvernig best er að uppfylla orkubörf mismunandi sviðssýna fyrir hugsanlegan raforkumarkað. Sú athugun var kynnt á ársfundi 1995. Samtals gerir þessi uppbrygging ráð fyrir nýjum virkjunum með um 16.000 GWh ársorkugetu fyrir árið 2015. Um fjórðungur þessarar orku liggur fyrir í virkjunarkostum sem eru á því rannsóknarstigi að lítið þarf til að hægt sé að taka ákvörðun um virkjun. Átakið hefur náð til virkjunarkosta með um 14.000 GWh ársorkugetu.

### Skaftá og Skaftárveita

Haldíð var áfram berggrunnskortlagningu við Langasjó og í Skraftárfjöllum suður frá Fögrufjöllum og gefið út áfangakort. Eyjar og hólmar í Langasjó voru könnuð af báti. Efnagreiningar á bergi komu að einkar góðu liði við að greina sundur bergeiningar (goseiningar), sem eru mjög líkar að últiti. Goseiningar virðast mun fleiri en talið var og teygja sig oft langar leiðir, þó slitróttar séu, jafnvel svo nemur tugum km. Grunnvatnsrannsóknum var haldíð áfram. Grunnvatnsrennslí undanjöklí, tengt Skaftá, virðist vera mest milli Langasjávar og Lakagíga.

Settur var vatnshæðarmælir í útfall Langasjávar. Áætlað er að OS ljúki sínum þætti rannsókna á þessu ári.

### Hraunavirkjun

Haldíð var áfram berggrunnskortlagningu á Hraunum, einkum í drögum og við botn Geithellnads og á svæðinu umhverfis og austan Hornbrynu. Er þá lokið þekjandi kortlagningu af svæðinu, en eftir er að fylla í eyður og að tengja kortlagða svæðið við eldri kort í tengslum við Fljótsdalsvirkjun. Út kom skýrla um gróðurfarsyfirlit yfir Hraun, m.a. með gróðurkortum sem hafa verið tölvutekin, og unnið að skýrslu um landfræði og verndarmat. Áformað er að ljúka umhverfisrannsóknum og jarðfræðikortlagningu 1997.

Gefin var út ítarleg skýrla um forathugun Hraunavirkjunar, sem byggist á 4ra ára rennsismælingum á Hraunahálendi. Hafin er vinna við að gera 40 ára rennslisraðir fyrir afrennsli virkjunarinnar og er þeim lokið fyrir vatnasvið Jökulsá í Fljótsdal og Kelduár. Eftir að rennslisraðir fyrir Suðurfjarðaár liggja fyrir verður forathugun endurskoðuð.

### Virkjun Jökulsánná í Skagafirði

Austari-Jökulsá. Unnið var að því að ljúka við jarðfræðikortlagningu á Nýjabbæjarafrétt, frá Hvítá til Lambalækjar. Er þá lokið þekjandi kortlagningu bergs á svæðinu, en eftir er að fylla í eyður og leysa úr vafaatriðum. Eftir það liggur fyrir að endurskoða eldri hugmyndir að tilhögum, þ.e. svonefnda Stafnsvatnavirkjun og bera saman tvær leiðir til virkjunar: a) Merkigils-virkjun með göngum frá Austurbug að virkjun við Merkigil. b) Eldri tilhögum Stafnsvatnavirkjunar með yfirborðsveitum eða að miklum hluta í göngum með frárennsli skammt frá Þorljótsstöðum í Vesturdal eða með meira falli



Frá Vestari-Jökulsá á Höfsafrétt. Horft til norðurs, Mælifellshnúkur er á miðri mynd. Til greina kemur að veita jökulvatni Vestari-Jökulsár til Blöndu og er myndin tekin u.p.b. 2 km norðan við mögulegt veitustíflustæði. Orkuvinnslugeta Blönduvirkjunar myndi aukast við þetta um 80 gígawattstundir á ári. Ljósm. Birgir Jónsson.

The glacial meltwater of the Vestari-Jökulsá river could be diverted to the Blanda Hydropower Plant, increasing electricity production by 80 GWh/a.

og frárennslisgöngum sem opnast mun utar í dalnum, ofan Goðala. Frekari rannsóknir, m.a. frekari umhverfisrannsóknir, bíða þar til þeirri endurskoðun lýkur.

Vestari-Jökulsá. Svo virðist sem ekki sé önnur hagstæð leið til að virkja Vestari-Jökulsá en með veitu hennar til Blöndu, en ekki þarf að stækka Blönduvirkjun til að taka við veitu hennar. Á síðastliðnu ári var áhersla lögð á að kortleggja sprungur eftir loftmyndum, könnuð var höggun (brot og sprungur) á veituleiðinni. Höggun virðist vera þarna virkari en aldur berglagi bendir til. Laus jarðefni í nánd við fyrirhuguð stíflustæði voru könnuð. Haldið var áfram grunnvatnsrannsóknunum, m.a. með efnagreiningum á linda- og árvatni til að meta lekahættu, en yfirborðrennslí er nánast ekkert milli Vestari-Jökulsár og Blöndukvísla. Farin var stutt ferð til athuguar á gróðurfari til undirbúnings frekari athugunar.

Unnið er að samantekt skýrslu um aurburðarmælingar í báðum Jökulsánum.

### Virkjanir norðan Vatnajökuls

Orkustofnun hefur unnið að jarðfræðikortlagningu á Fjallgörðum, með aðaláherslu á svæðið milli Arnardals og Jökulsár á Dal. Stefnt er að því að ljúka þeim í bili á vetrí komanda og sjá síðan hverju fram vindur með virkjunarhugmyndir.

Orkustofnun lauk við samantekt á öllum aurburðarmælingum sem gerðar hafa verið í stóru jökulánum sem koma frá norðanverðum Vatnajökli. Landsvirkjun hefur að mestu yfirtekið undirbúningsrannsóknir vegna virkjunar Jökulsár á Dal, nema að rekstur vatns-hæðarmælierfis er að mestu á ábyrgð Orkustofnunar. Þessi aðilar hafa haft samvinnu um mælingar á aurburði í ánni. Sú tækni sem notuð hefur verið hefur ekki dugað vel til að ná til grófasta aursins næst botni, og í gangi er sérstakt átak til að bæta úr því. Ennfremur var samskonar átak í gangi í Jökulsá í Fljótsdal, þ.e. samaburður á mælingum á eldri og nýjum mælistáð, og lauk þeim 1996.

Þá hafa þessir aðilar haft samvinnu um mælingar á hita í helstu ám á svæðinu og í Lagarfljóti s.l. tvö ár. Markmið þeirra er að safna gögnum til líkans af áhrifum fyrirhugaðra veitna til Lagarfljóts.

### Skjálfandafljót

Lokið var við landmælingar til undirbúnings staðfræðikorta í mælikvarða 1:25.000 af svæðinu frá Íshólsvatni að Vonarskarði. Unnið er að samantekt um aurburðarmælingar.



XII. Norræna jarðtækniráðstefnan (NGM-96) var haldin í Reykjavík 26.-28. júní síðastliðinn. Hér eru þáttakendur að skoða blásandi háhitaholu að Nesjavöllum. Ljósm. Birgir Jónsson. Participants in the Nordic Geotechnical Conference (NGM-96) in a field trip at Nesjavellir geothermal area.

### NGM-96

Norræna jarðtækniráðstefnan (NGM) er haldin á 4ra ára fresti til skiptis á Norðurlöndunum, nú í 12. sinn og í fyrsta skipti á Íslandi. Var ráðstefnan haldin 26.-28. júní í Háskólabíói. Þáttakendur voru um 250, þar af rúmlega 30 frá Íslandi. Í tengslum við ráðstefnuna er gefið út 2ja binda ráðstefnurit, rúmlega 800 blaðsíður að stærð með yfir 100 vísindagreinum. Sérfræðingar frá Orkustofnun tóku mikinn þátt í undirbúnungi og framkvæmd ráðstefnunnar og tækniferða fyrir og eftir hana. Í tengslum við ráðstefnuna voru einnig haldnir fundir stjórnna norrænu jarðtæknifélaganna og fundir í ýmsum alþjóðlegum tækninefndum á svíði jarðtækni.

### Vistfræði straumvatna

Orkustofnun tekur þátt í rannsóknum á straumvötnum ásamt Líffræðistofnun Háskólags, en þær eru í umsjá Líffræðistofnunar. Markmið þeirra er að afla yfirlitsþekkingar á dýralífi á Anna og helstu vistfræðipáttum, m.a. vatnsviðseinkennum, en m.a. á því svíði lætur Orkustofnun í té sérþekkingu sína. Þessar rannsóknir hafa styrk frá RANNÍS. Þá var einnig hafin rannsókn á jökulám á vegum sömu aðila en í samvinnu við stofnanir í Noregi, Sviss, Ítalíu og Bretlandi með styrk frá Evrópubandalaginu. Markmið þeirra er að kanna hvaða dýralíff er í jökulám og hvernig það bregst við breyttum aðstæðum, svo sem innblöndun annarskonar vatns, hæð y.s., og vatnsviðseinkennum svipað og í fyrnlefndu

verkefninu. Þannig bæta þessi verkefni hvort annað upp.

### Vatnamælingar

#### Upplýsingar til viðskiptavina og almennings

Auknar kröfur til opinberra aðila um að gefa meiri og betri upplýsingar fylgja þróun þjóðfélagsins og bættri upplýsingatekni. Vatnamælingar Orkustofnunar leitast við að þjóna þörfum samfélagsins fyrir vatnafræðilegar upplýsingar, fyrst og fremst vegna nýtingar vatnsorkunnar en einnig að öðru leyti, eftir því sem föng eru til. Þríþátt átak var gert til umbóta á þessu svíði á árinu 1996:

- Fyrst ber að nefna, að þá sá dagsins ljós ársfjórðungslegt fréttabréf um vatnafarið á landsvísu undir heitinu Áráttan (sbr. Veðráttan). Um er að ræða litrentaðan tvíblöðung, sem dreift er ókeypis fyrst um sinn til um 800 áskrifenda. Þar er sýnd vatnsborðshæð í Kleifarvatni, rennslí Hvítá í Borgarfirði, Jökulsár vestri í Skagafirði, Grímsár í Skriðdal, Djúpá í Fljótshverfi, Þjórsár og Ölfusár, ásamt forða í Þórisvatni. Með fljóta ýmsir fróðleiksmolar um vatnafar, mælakerfið o.fl. eftir atvikum.
- Í öðru lagi voru settar upp vefsíður með fróðleik um starfsemi Vatnamælinga ásamt margþættu yfirliti um vatnafar landsins, auk þess sem fréttabréfið Áráttan fékk þar netvædda systurútgáfu undir nafninu Skjáráttan. Veffang Vatnamælinga er <http://www.os.is/vatnam>, og geta þeir sem hafa aðgang að Internetinu

- sótt upplýsingar þangað, auk þess sem gefinn er kostur á að senda fyrirspurnir með tölvupósti.
- Í þriðja lagi var gefið út litprentað kort með yfirlitsmynd af vatnshæðarmælakerfinu 1995/1996 í stærðinni A3, ásamt lista yfir vatnshæðarmælanu, en slíkt yfirlit kom síðast út árið 1982.

### Skeiðarárhlaup 1996

Skeiðarárhlaup urðu tvö á árinu, en varla tekur því að nefna fyrra hlaupið, sem varð um páskana (rúmmál 1,1 km<sup>3</sup>, hámarksrennsli 3.000 m<sup>3</sup>/s), í samanburði við það síðara. Eitt og sér hefði páskahlaupið þó komist á spjöld sögunnar varðandi hámarksrennslið, sem stærsta Skeiðarárhlaup á síðustu tuttugu árum.

Um mánaðamótin september-október 1996 hófst eldgos í Vatnajökli. Kvikan er talin hafa átt upptök í Bárðarbungu. Rúmlega 3 km<sup>3</sup> af ís bráðnuðu og rann vatnið í Grímsvötn, þar sem það safnaðist fyrir. Vatnsborð Grímsvatna hækkaði langt umfram það sem mest hefur mælst áður, og gaf það vísbendingu um að stórt og skyndilegt hlaup mundi verða á Skeiðarársandi í kjölfarið. Af því varð ekki fyrr en rúmum mánuði eftir að gosið hófst. Var þá sem steininn tæki úr, og hefur rennsli í hlaupi úr Grímsvötnum ekki orðið jafnmikið og jafn snöggt á þessari öld, þótt heildarrúmmál hlaupvatns kunni að hafa orðið meira. Þetta hlaup átti þó langt í land að ná Kötluhlaupinu 1918.

Sérfræðingum Raunvísindastofnunar mældist rúmmál hlaupsins úr Grímsvötnum vera 3,1 km<sup>3</sup>, en í viðbót bræddi vatnið, sem var nokkrum gráðum ofan við frostmark, tæplega 1/2 km<sup>3</sup> af ís. Samkvæmt rennslislíkani Vatnamælinga hefur rennsli orðið mest um 55.000 m<sup>3</sup>/s undan jökuljaðri að eins 16 tímum eftir að það hófst undir Skaftafellsbrekkum. Starfsmenn Vatnamælinga vöktuðu, mældu og mátu bæði rennsli, aurburð og leiðni í Skeiðará meðan beðið var hlaupsins, og eins meðan á því stóð, fyrir Vega-gerðina. Þáttur í aukinni árvekni gagnvart hættulega snöggu og miklu hlaupi var þróun sérstaks rennslislíkans fyrir stór Skeiðarárhlaup, sem byggð var á öllum tiltækum upplýsingum um gang fyrri hlaupa, ásamt nýjasta mati á rúmmáli vatns í Grímsvötnum. Þetta líkan Vatnamælinga, sem uppfært var reglugæg og keyrt í tölvu á staðnum, sann-aði gildi sitt þegar að sjálfu hlaupinu kom. (Sjá einnig kort, myndir og línurit frá Skeiðarárhlaupi í miðopnu þessarar ársskýrslu).

Vöktun, gagnaöflun og túlkun gagna frá hlaupinu á Skeiðarársandi var mjög drjúgur hluti af starfi Vatnamælinga síðasta fjórðung ársins 1996, og var þó mikil úrvinnsla eftir um áramót. Fyrir bragðið þurfti hvort tveggja í senn að auka vinnuframlag til Vatnamælinga á árinu 1996 og velta hluta annarra verkefna á undan sér til ársins 1997, með tilheyrandi seinkun á verkskilum.

### Vöktun mengandi efna í fallvötnum

Frá og með haustinu 1996 gengst umhverfisráðuneytið fyrir því að vöktuð verði mengandi efni í fallvötnum, og var byrjað með töku sýna á mánaðarfresti í Þjórsá við Sandafell og við Þjórsártún, Ytri-Rangá við Árbæjarfoss, Ölfusá við Selfoss, Tungufljóti við Faxa og Brúará við Efstadal. Er þetta þáttur í umfangsmeiri vöktun í náttúru Íslands á vegum sérstaks starfshóps ráðuneytisins (AMSUM). Vatnamælingar Orkustofnunar sjá um mælingar á rennsli og aurburði og leggja til mann og bíl til sýnatoku, en Jarðfræðistofa Raunvísindastofnunar HÍ og Hafrannsóknastofnun sjá um aðra liði þess verkefnis sem snýr að fallvötnum, svo sem efnagreiningar. Þess má geta, að á árunum 1972-74 tóku Vatnamælingar þátt í að safna hliðstæðum gögnum í nokkrum ám á Suður- og Vesturlandi, og eru þær upplýsingar sem þá var safnað taldar mjög mikilvæg undirstaða við mat á umhverfisbreytingum síðustu áratuga á Íslandi.

### Vatnshæðarmælar

Settir voru upp tveir vatnshæðarmælar á Vestfjörðum, annar í Vattardalsá á Barðaströnd fyrir Orkubú Vestfjarða, en hinn í Skötufjarðará (eða Fjarðará í Skötufirði) fyrir Orkustofnun. Þeim fyrrnefnda er ætlað að veita betri upplýsingar um afrennsli á mögulegum veituvæðum til Mjólkár, en þeim síðan nefnda að koma í stað eldri mælis í Hundsá í Skötufirði til að auka rekstraröryggi og veita upplýsingar um rennsli á stærra svæði. Þriðji mælirinn sem bættist við á árinu var í Útfalli úr Langasjó, þannig settur að hann getur jafnt þjónað því hlutverki að mæla vatnshæð Langasjávar og rennsli í Útfallinu, og var hann kostaður af Orkustofnun. Auk þessara vatnshæðarmæla, sem allir mæla með aðstoð þrýstiskynjara og skrá niðurstöðuna í stafræn söfnunartæki, var komið fyrir síritandi vatnshitamælum í Jökulsá vestari, Hofsá og Miðhlutará í Skagafirði í tengslum við evrópskt rannsóknarverkefni um smádýralíf í jökulám. Fyrir voru slíkir mælar í nokkrum helstu ám á Norðaustur- og Austurlandi, og nýtast þessar upplýsingar til betra mats á ístruflunum, auk megintil-

gangsins að fylgjast með vatnshita sem mikilvægum umhverfisþætti.

Auk framangreindra mæla, sem ætlað er að vera í rekstri a.m.k. um nokkurra ára skeið, voru settir upp bráðabirgðasíritar í Skeiðarárbrú til að fylgjast með gangi hlaupsins. Einnig var endurbogður vatnshæðarmælir við Djúpá í Fljótshverfi með loftbólumæli af A.Ott-gerð. Eitt af þeim verkefnum sem slá varð á frest síðla árs 1996 vegna Skeiðarárhlaups tengist vatnshæðarmælakerfinu, en það var að skrifa skýrslu um mælakerfi Vatnamælinga og þróun þess á síðustu árum.

### Lágrennslismælingar 1996

Oft er skammt öfganna á milli í náttúru Íslands, og gildir það einnig um veður- og vatnafar. Því var lýst í síðustu árs-skýrslu, að um miðjan júnímánuð 1995 urðu gífurlegir vatnavextir, einkum norðan- og austanlands, og gaf það tilefni til umfangsmikilla flóðamælinga. Voru þar mörk metin slegin. Hins vegar voru vorflóðamælingar nær engar árið 1996, enda næsta lítið að mæla, þegar snjóinn er með minnsta móti á hálandinu eftir veturinn. Síkt snjóleysi hefur einnig áhrif á grunnvatnsstöðu og þar með lá-grennslí fram eftir öllu sumri. Vatnamælingar gripu þetta tækifæri sumarið 1996, og var farin ferð til samanburðarrennslismælinga undir lok ágúst um svæðið frá Laxá í Kjós um Borgarfjörð, Mýrar, innanvert Snæfellnes, Dali og Húnavatnssýslur, og endað í Laxá í Refaveit. Samtals voru hér gerðar 45 rennslismælingar á sex dögum.

### Jöklamælingar

Víðast á hálandinu snjóaði minna veturinn 1995-1996 en undanfarin átta ár. Ákoma reyndist minni á Hofsjökli en hún hefur áður mælst síðan mælingar hófust 1988. Einkum var það áberandi ofantil á jöklinum. Þótt leysing fær hægt af stað um sumarið varð hún í meira lagi þar sem haustið var einstaklega hlýtt, sér í lagi september. Þrátt fyrir að víðast væri lítil ofankoma um veturinn var hálandið austast á landinu undantekning. Vetrarafkoma Þrándarjökuls var meiri en í meðallagi. Mun meira leysti af jöklinum á árinu en að jafnaði undanfarin 5 ár sem mælingar hafa staðið á Þrándarjökli. Í ár sáu Vatnamælingar ekki um að mæla afkomu Eyjabakkajökuls, því Raunvísindastofnun tók að sér að mæla þar í tengslum við samstarfsverkefni nokkurra Evrópupjóða um afkomu Vatnajökuls og veðurfar.

### Kreppuhlaup 1996

Níunda ágúst byrjaði hlaup í Kreppu sem varð það mesta síðan mælingar

hófust þar. Stóð það hálfan fjórða sólárhring, deginum lengur en jafnan áður og mesta rennslí í Kreppu við mæli varð tæplega  $1000 \text{ m}^3/\text{s}$  en þar af voru um  $150 \text{ m}^3/\text{s}$  í ánni fyrir. Áður hefur mesta rennslí þar ekki farið yfir  $800 \text{ m}^3/\text{s}$ . Heildarrúmmál hlaupvatnsins var  $120 \text{ Gl}$ , sem er meira en tvöfalt það sem mest hefur áður mælst. Af þessu hlaust nokkurt tjón á vegi við brúna á Jökulsá í Kelduhverfi og umferð teppist þar næturlangt. Einnig fór vegfylling við Kreppubrú, eins og jafnan í Kreppuhlaupum.

Hlaupið kom úr lóni við jaðar Brúarjöku ofan við Hnútu og hefur oft verið kennt við hana. Úr lóninu rennur vatnið nokkurn spöl undir jökuljaðrinum og kemur út í Kverká sem síðan rennur í Kreppu, en þar er mælirinn sem skráði hlaupið.

### Skaftárhlaup 1996

Hlaup úr minni (vestari) sigkatlinum hófst í Skaftá sama dag og í Kreppu, 9. ágúst 1996. Þannig vildi til, að þá stóð fyrir dyrum norræn vatnafræðiráðstefna á Akureyri með þátttöku flestra vatnamælingamanna og vatnafræðinga landsins, og komust þeir ekki til mælinga. Hins vegar unnu síritandi vatnshæðarmælar sitt verk með sóma og heimamenn tóku aurburðarsýni í samræmi við tækjakost og aðstöðu á

staðnum. Miðað við fyrri hlaup úr þessum sigkatli var um allstórt hlaup að ræða, eða um  $140 \text{ Gl}$  hlaupvatns. Ekki varð vart við rennslisbreitingar í Hverfisfljóti eða Djúpá að þessu sinni, eins og varð í stóra hlaupinu árið á undan.

### Norræna vatnafræðiráðstefnan 1996

Haldin er norræn vatnafræðiráðstefna á tveggja ára fresti á vegum Norræna vatnafræðafélagsins. Orkustofnun er aðili að félaginu ásamt fjölmögum stofnunum og einstaklingum á Norðurlöndum. Ráðstefnan er haldin til skiptis í löndunum fimm, og þar með á tíu ára fresti á Íslandi. Sumarið 1996 var aftur komið að Íslandi, og var ráðstefnunni fundinn staður á Akureyri að þessu sinni dagana 13.-15. ágúst. Framkvæmdanefnd ráðstefnunnar skipuðu tveir menn frá Vatnamælingum (formaður og framkvæmdastjóri) ásamt manni frá Landsvirkjun og öðrum frá Vegagerðinni. Þátttakendur voru um 200 og makar auk barna um 50. Af ferðasögum að dæma, sem birst hafa nokkrar í fréttabréfi félagsins mánuðina á eftir, virðist ráðstefnan hafa tekist einstaklega vel. Ráðstefnuritið var rúmlega  $800 \text{ síður}$  í tveimur bindum ásamt aukahefti. Sérstaklega var unnið að því að styðja og styrkja þátttakendur frá Eystrasaltsríkjum til að koma á ráðstefnuna, og fékk Orkustofnun ásamt Dönsku umhverfisrann-

sóknastofnuninni (DMU) styrk frá Norrænu ráðherranefndinni til að bjóða tveimur fulltrúum frá hverju Eystrasaltsríkjanna í kynnisferð á stofnanirnar, sem endaði með þátttöku í ráðstefnunni á Akureyri. Fjölmargir íslenskir aðilar sem nýta auðlindir vatnsins studdu ráðstefnuna með ýmsu móti.

### Önnur alþjóðleg samstarfsverkefni

Á árinu 1996 tóku Vatnamælingar Orkustofnunar formlega við hlutverki vatnafræðilegs ráðgjafa veðurstofustjóra vegna aðildar Íslands að Alþjóða veðurfræðistofnuninni (WMO), en höfðu fram að því gegnt því í raun fyrir hönd orkumálastjóra. Þessi formbreyting var gerð til þess að auðvelda og auka samskiptin við vatnafræðinefnd WMO (Commission of Hydrology), og sótti forstöðumaður Vatnamælinga fund þeirrar nefndar síðla árs sem fulltrúi Íslands. Er þess vænst að aukin og bætt samskipti við WMO og fulltrúa annarra landa í vatnafræðinefndinni, sem starfa hjá hliðstæðum vatnafræðideildum eða -stofnunum, muni skila sér í betra skipulagi og vinnubrögðum hjá Vatnamælingum. Jafnframt er sinnt þeirri sjálfssögðu skyldu að koma á framfærni á alþjóðavettvangi sérlenskri reynslu á þessu sviði.

## Landmælingar


Unnið var við Skjálfandafljót milli Íshólsvatns og Vonarskarðs. Norðurhluti svæðisins hafði verið merktur og mældur 1995. Suðurhlutinn var nú merktur og Landmælingar Íslands mynduðu svæðið úr lofti. Myndpunktar voru mældir og hæðarmælt með lengdarmælingu og hornamælingu í línu fastmerkja milli Íshólsvatns og Fjörðungsvatns.

Unnið var við fallmælingar fyrir Hita-veitu Reykjavíkur til að fylgjast með hæðarbreytingum lands. Mælt var frá þjóðvegi 1 norður yfir Ölkelduháls og í fyrsta sinn lína frá þjóðvegi 1 gegnum Hveragerði norður að Ríjúpnabrekum.

Í samvinnu við Landmælingar Íslands var unnið að skýrslu um 119 punkta grunnstöðvanet, sem mælt var með gervitninglamælingum 1993 (mæliátaska ISNET93) og um nýja viðmiðun ISN93 við landmælingar.

## Jarðfræðikortlagning

Haldið var áfram þróun í tölvugerð jarðfræðikorta. Unnið var að jarðfræðikortlagningu á vatnsviðum og virkjun-



Mesta Kreppuhlaup sem mælst hefur (um  $1000 \text{ rúmmetrar á sek.}$ ) hófst 9. ágúst 1996 og stóð í hálfan fjórða sólarhring. Vegasamband um Kreppubrú rofnaði eins og jafnan í Kreppuhlaupum. Myndin er tekin 16. ágúst á vesturbakka Jökulsá á Fjöllum, rétt norðan Lindá, eða um  $8 \text{ km}$  neðan við ármótin við Kreppu. Á þessum stað flæddi yfir bítlóðina og ljósar vikurdýngjur, ættaðar úr Öskjuginu 1875, sýna greinilega flóðmörkin. Á myndinni sjást þátttakendur frá Norrænu vatnafræðiráðstefnunni (NHK-96). Ljósm. Birgir Jónsson.

*On August 1996 an ice-dammed lake at the northern margin of Vatnajökull ice cap broke through the ice causing the largest flood in the Kreppa river so far surveyed. Light colored pumice from the huge 1875 Askja eruption has drifted ashore, showing clearly the highest water level of the flood.*

arsvæðum nokkurra stórvatna: Jökulsá á Skagafirði, Hraunavatna og Skaftár. Unnið var að jarðfræðikortlagningu fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Í samvinnu við Jarðhitadeild var unnið að tölvugerð berggrunnskorts fyrir Hitaveitu Suðurnesja.

Út var gefið setkort (jarðgrunnskort) í 1:25.000 af kortblaði 1613 III SA. Kort þetta var unnið fyrir sveitarfélög á Höfuðborgarsvæðinu og er gefið út í samvinnu við Landmælingar Íslands.

## Grunnvatsrannsóknir

Kannað var grunnvatn og vatnajarðfræði og tekin vatnssýni og efnagreind af vatnasviðum virkjunarvænna stórvatna: Jökulsá vestari í Skagafirði og Eyvindarstaðaheiði og af Skaftárvæði, sunnan og austan Skaftár. Beitt var áfram þeirri aðferð að greina klórð og súlfat úr mörgum sýnum frekar en heildargreiningu á fáum sýnum. Þessi aðferð er fljóttleg og ódýr við kortlagningu og forkönnun á grunnvatnsfari stórra svæða. Sem þjónustuverk var fylgst með grunnvatni í hraunum í Landbroti og Meðallandi (Eldhraunsþvötn). Skýrslur um það grunnvatn birtist sem lokaprófsverkefni við háskólanum í Kiel, en samtarf hefur verið við hann um slík verk síðan 1994.

## Þjónusturannsóknir

### Vatnsvernd, vatnsöflun, sjótaka

Ráðgjöf var veitt nokkrum vatnsveitum um neysluvatnsmál, m.a. vegna vatnsverndar á Blönduósí og vegna vatnsöflunar á Egilsstöðum, Grenivík og Seyðisfirði. Einnig var veitt ráðgjöf vegna sjótoku til fiskiðju á Akranesi, Breiðdalsvík og Djúpavogi. Eftirlitsrannsóknir voru framkvæmdar fyrir Hitaveitu og Vatnsveitu Suðurnesja.

### Skipulag, vatnafarslýsingar

Samin voru yfirlit um vatnafar, nytjavatnsauðlindir og vatnsvernd vegna svæðisskipulags í Mýrasýslu og í Ölfusi. Tekið var saman yfirlit um jarðfræði og um vatnafar á Miðhálendinu vegna svæðisskipulags.

### Vegagerðin, setlagakönnun á Skeiðarársandi

Í samvinnu við Vegagerðina var könnuð setlagabygging í rofbökkum á Skeiðarársandi eftir Skeiðarárhlaupið í nóvember. Einnig var könnuð efnisgerð sets úr hlaupinu og úr fyrri hlaupum og flóðum í rofbökkunum.

### Eldhraunsvötn, grunnvatnsrannsóknir

Fylgst var með grunnvatni í hraunavæðum í Landbroti og Meðallandi á

vegum Vegagerðarinnar, Landgræðsluríkisins og Skaftárhrepps í framhaldi af rannsóknum 1993 – 1995. Skaftárhlaupið 1996 veitti gruggvatni lengra út í hraunin en verið hefur lengi.

### Vatnasvið Pingvallavatns

Haldið var áfram könnun á mörkum vatnasviðs Pingvallavatns og á legu grunnvatnsstrauma á svæðinu á vegum Landsvirkjunar. Lega austurmarka svæðisins er að skýrast en grunnvatnsrennslið til Pingvallavatns virðist vera í tveimur meginstraumum eftir helstu sprunguskörunum.

### Hágöngumiðun, umhverfismál

Landsvirkjun var veitt ráðgjöf vegna umhverfismála við Hágöngulón, hvað varðar jarðfræði o.fl.

### Jarðfræðikortlagning höfuðborgarsvæðisins

Haldið var áfram jarðfræðikortlagningu Höfuðborgarsvæðisins í mælikvarða 1:25.000 á vegum sveitarfélaga á svæðinu, en hún er á fjórum kortblöðum. Eitt kort var gefið út á árinu, en þrjú í viðbót voru komin í prófarkavinnum í árslok. Steft er að lokum kortlagningar í þessum mælikvarða á árinu 1997.



Lokið var við berggrunns- og jarðgrunnskortlagningu af kortblaði Viðey 1613 III NV á árinu, en það er hluti af jarðgrunnskortlagningu höfuðborgarsvæðisins í 1:25.000. Kortin koma út 1997 en vatnafarskortið er þegar komið út. Ljósm. Ingibjörg Kaldal.

*Geological maps are being compiled of the Reykjavík area in the scale 1:25,000. The maps are published in three versions: bedrock maps, superficial deposits maps and hydrogeological maps.*



# Vatnamælingar


ORKUSTOFNUNAR




Raforkulögin frá 1946 fólu embætti raforkumálastjóra að »hafa umsjón með vatnsrennslismælingum í fallvötnum landsins«, og hófust vatnamælingar á hans vegum árið 1947 undir forystu Sigurjóns Rist. Markmiðin sem raforkumálastjóri setti starfsemi vatnamælinga voru skýr: Að afla á kerfisbundinn hátt samfelldra upplýsinga um vatnafar landsins. Höfuðverkefnið var að

byggja upp og reka vatnshæðarmælakerfi, sem gæfi upplýsingar um rennslishætti á landsvísu. Með orkulögum árið 1967 tók embætti orkumálastjóra við skyldum raforkumálastjóra að þessu leyti. Vatnamælingar Orkustofnunar fagna því 50 ára afmæli samfelldrar starfsemi á árinu 1997.


Aðaltegundir vatnsfalla: Dragá, jökulá, lindá. Daglegt vatn árið 1980



Hér er sýnt daglegt meðalrennslí í  $\text{m}^3/\text{s}$  (rúmmetrum á sekúndu) hjá dragánni Norðurá í Borgarfirði (blátt), jökulánni Jökulsá á Dal (rauttt) og lindánni Ytri-Rangá (grænt) árið 1980. Hér er skýrt dæmi um óreglusemi dragánna, hið mikla sumarvatn í jökulánnum og hversu jafnt rennslí lindánná er árið um kring.



Með því að umrekna rennslíð í sekúndulítrana af hverjum ferkilómetra vatnasviðs á Anna er auðveldara að bera myndrænt saman vatnsföll með rennslí af ólíkum stærðargráðum. En einnig á þessu svonefnda afrennslí er mikill stærðarmunur frá vatnsfalli til vatnsfalls og fer það m.a. mjög eftir landshlutum og hæð yfir sjó.



Rannsóknir á vatnsafli eiga sér þó lengri sögu á Íslandi, en á vegum opinberra aðila hófust þær með athugunum Jóns Þorlákssonar landsverkfræðings sumarið 1916. Í framhaldi af setningu vatnalaganna 1923 var arftaki landsverkfræðings, vegamálastjóri, gerður að verkfraðilegum ráðunauti um vatnamál, en vatnamælingum á hans vegum var ætloð mjög þróngur stakkur skorinn, og á tímabili félru fjarveitingar alveg niður. Á árunum 1944 til 1946 var yfirlangstími og breyting til batnaðar, en þá fékk rafmagnseftirlit ríkisins sérstakar fjarveitingar til vatnamælinga.



Vegamálastjóri setti upp kvarða til vatnshæðarmælinga við nálega tuttugu vatnsföll sumarið 1918. Víða slitnaði fljótegla samhengið við fyrri álestra, kvarðar færðust úr stað, og álestrarar félru niður um tíma eða hættu með öllu. Fjarveitingar dugðu ekki til að ná samfelli og öruggi í mælingum. Það er því blanda af heppni og þrautseigju gæslumanna heima í héraði sem ræður mestu um það, að á einstaka stað eru til lengri samfellar mælingar á vatnshæð og rennsli heldur en frá og með árunum kringum 1950.

Vel er við hæfi, að á hálfrað aldar afmæli standi starfsemi eins og vatnamælingar á nokkrum tímamótum. Í rekstri eru um 170 vatnshæðarmælar víða um land á vegum ríkisins, orkuþirtækja og annarra opinberra aðila. Árlegur kostnaður við rekstur þessa kerfis, ásamt annarri starfsemi sem því tengist, svo sem jöklamælingum, aurburðarrannsóknum, vatnaskrá og vatnfræðilegri úrvinnslu, er riflega 100 milljónir króna. Umfangið nemur um 20 ársverkum og fastráðir starfsmenn eru þrettán talsins. Í kjölfar skipulagsbreytinga á Orkustofnun í ársbyrjun 1997 er framundan víðtæk endurskoðun vatnamælingakerfisins og samningagerð um vatnafarsrannsóknir í þágu opinberra aðila, orkuþirtækja og annarra hagsmunaaðila. Gæta skal hagsýni og sparnaðar og leitast við að fá meiri gæði fyrir minna eða sama fé. Hér er um sjálfsagða viðleitni að ræða, enda um mikil fé og mikilvægar upplýsingar að tefla. Nauðsynlegt er að þeir sem hagsmuna eiga að gæta taki að sínu leyti ábyrgð á rekstri kerfisins, jafnframt því sem þeir fá þarfir sínar fyrir upplýsingar uppfylltar, ef takast á að varðeita hin upphaflegu og víðsýnu markmið sem sett voru fyrir 50 árum.

Rennsli í ám og vatnshæð í fallvötnum, stöðuvötnum og grunnvatni er stöðugum breytingum háð, og mikil í húfi að samfelldum mælingum sé komið við. Jöklar eru mikilvæg vatnsforðabúr, sem stækka og minnka í flóknu samspili við sveiflur í veðurfari. Aurburður fellur út í miðlunarlonum orkuvera, og breytist við það rofmáttur árinna þar fyrir neðan, auk þess sem strönd landsins getur færst til vegna minni sandburðar. Með öllum þessum þáttum þarf því að fylgjast reglulega. Rofni



Frá mælingum með straumsjá á Lagarfljóti




Tvær nýrri gerðir straumhraðamæla

Fréttabréf Vatnamælinga kemur út ársfjórðungslega

samfellan tapast um leið mikilvægar upplýsingar, og getur fjármagni því sem varið var til fyrri mælinga þannig verið kastað á glæ að miklu leyti. Tölur þær um rennsli og breytileika þess, sem fást með vatnamælingum, liggja til grundvallar ákvárdana um fjárfrekstu framkvæmdir á Íslandi, vatnsvirkjanir og stóriðjuver. Reikningar á hönnunarflóðum og þar með áætlanir um brúasmíði og stíflugerð byggja einnig á vatnamælingum, sömuleiðis flóðaspár og eftirlit með flóðum, svo sem jökulhlaupum. Eftirlit með mengun í ám og vötnum krefst líka upplýsinga um rennsli og vatnshæð; áin þolir meira en lækurinn.

Að varðeita samfelluna í tiltölulega ungu landskerfi vatnamælinga, gæta um leið hagkvæmni og vandaðra vinnubragða, og stuðla að framsýni til að beina frekari þróun kerfisins að því að svara spurningum framtíðarinnar, er verðugt verkefni fyrir vatnamælingar á hálfra aldar afmæli.

Rennslihlínurit Svartár í Skagafirði 1932–1997



## Hlaup á Skeiðarársandi haustið 1996




Í kjölfar eldgoss í Vatnajökli norðan Grímsvatna í byrjun október 1996 braust fram stórhlaup á Skeiðarársandi að morgni 5. nóvember 1996. Eftir tæplega sextíu ára hlé stórhlaupa á Skeiðarársandi mátti þjóðin öll horfast í augu við ægivald þeirra náttúruafla sem mótað hafa landið. Á undanförnum 200 árum hafa um 15 stórhlaup komið fram á Skeiðarársand, oftast í tengslum við elds-umbrot, þar af 5 frá byrjun þessarar aldar til ársins 1938, en þá var síðasta stórhlaupið á undan þessu. Sextíu ára hlé endurspeglar því engan veginn til óni atburða af þessari stærð.


Að frumkvæði Vegagerðarinnar fóru starfsmenn Vatnarmælinga Orkustofnunar og RHÍ á vettvang, þann 2. október. Hófu þeir rennslis- og leiðnimælingar og sýnis-hornatöku til efna- og aurburðarmælinga. Einnig var þversnið undir öllum fjórum brúnum á Skeiðarársandi mælt mjög ítarlega, til viðmiðunar þegar liði á hlaupið, því reynslan hefur sýnt að í hlaupum grefur svo mikið með stöplunum að stöðugleiki þeirra veldur áhyggjum. Einn þýðingarmesti hluti af viðbúnaði vegna væntanlegs hlaups á Skeiðarársandi var uppsetning síritandi vatnshæðarmæla og hitamæla. Mjög mikilvægt var talið að geta áttað sig á byrjun hlaupsins, sérstaklega ef það hæfist að nótta til. Vatnshæðarmælingar við austurenda Skeiðarárbrúar áttu líka að tryggja að ágangur og hegðun hlaupvatns við brúna yrðu skráð. Hitastigsmælingar áttu að auðvelda túlkun á því hvernig hlaupið hefði brotist fram undan jöklinum og hvernig vatnsrásir Skeiðarár í jöklinum þróuðust.

Þann 9. október voru settir upp tveir síritandi vatnshæðarmælar í Skeiðará. Fyrri vatnshæðarmælirinn var þrystiskynjari, sem settur var upp við lón austan og ofan Skeiðarárbrúar. Fékkst samfellt og áreiðanlegt línlírit af vatnshæðinni meðan á hlaupinu stóð. Niðurstöðurnar úr þessum mæli sjást á mynd. Annar vatnshæðarmælir var settur upp undir Skaftafellsbrekkum.





Síritandi hitamæli var komið fyrir við mælinn við Skaftafellsbrekkur og fór hann undir vatnsborð þegar hlaupið byrjaði. Hitastig hlaupvatnsins var nákvæmlega núll fyrstu klukkustundirnar, en eftir það hækkaði hiti vatnsins í 0,05 – 0,1 °C. Skýring þessa gæti verið sú að við upphaf hlaupsins brotnar mikill ís og gangamýndunin er því samþland af bráðnun og broti. Ísbrotið er svo mikið í upphafi að ísinn nær ekki að bráðna, heldur kemur að hluta til fram sem krapi. Pegar líður á kemst að líkindum á jafnvægi milli gangamýndunarinnar og varmans sem er til staðar í hlaupvatninu. Vatnið nær þá að hitna örliðið vegna fallsins frá útfalli niður að mælinum.

Skömmu eftir að vöktun hófst á Skeiðarársandi, var ákvæðið að reyna að spá fyrir um mögulega framvindu væntanlegs stórhlaups á Skeiðarársandi. Vatnamælingar þróuðu spálíkan, sem byggir á því hvernig rúmmál Grímsvatna breytist með tíma, þegar um bæði inn- og útrennsli er að ræða, en í upphafi eldgoss var innrennsli í Grímsvötn mjög mikið. Til þess að meta vöxt og dvíndandi hlaupsins, voru rannsakaðar heimildir um fjögur hlaup frá þessari öld: stórhlaupin 1934 og 1938,






Séð frá sjó upp Skeiðará í hlaupahrinu 5. nóvember kl. 15:00



sem bæði tengjast eldsumbrotum, hlaupið 1954, sem var töluvert hlaup án eldsumbrota og hlaupið um vorið 1996, sem var venjulegt hlaup. Þegar nýjar upplýsingar um vatnsmagn í Grímsvötnum og innrennsli í þau bárust frá RHÍ, var mismunandi sviðsmyndum væntanlegs hlaups lýst á grundvelli líkansins.


Ætlunin var að reikna vaxtarhraða hlaupsins út frá væntanlegum rennslismælingum snemma í hlaupinu, en strax í upphafi hlaupsins, varð vatnamælingamönnum ljóst að ekki yrðu gerðar neinar eiginlegar rennslismælingar í þessu hlaupi. Var því brugðið á það ráð að fá óháð sjónmat, annars vegar Vatnamælinga og hins vegar Vegagerðar, á rennslu vatnsfallanna þriggja: Skeiðarár, Gígjukvíslar og Núpsvatna, og nota það til þess að spá fyrir um framvindu hlaupsins. Þetta mat á rennslu vatnsfallanna var síðan notað, ásamt öðrum tiltækum upplýsingum, til þess að meta rennslisteril vatnsfallanna og heildarrennsliferil hlaupsins. Þessir rennslisferlar sjást á mynd.

Hámarksrennsli í hlaupinu, samkvæmt þessu líkani, varð 55.000 m<sup>3</sup>/s skömmu eftir miðnætti fyrsta hlaupdaginn. Í Gígjukvísl hefur hámarksrennslið verið u.p.b. 33.000 m<sup>3</sup>/s, í Skeiðará u.p.b. 24.000 m<sup>3</sup>/s og í Núpsvötnum 2.500 m<sup>3</sup>/s. Heildarvatnsmagn, sem runnið hefur fram á Skeiðarársandi í hlaupinu er 3,6 km<sup>3</sup>, en það svarar til þess að meðalrennsli í hlaupinu hafi verið nálagt 24.000 m<sup>3</sup>/s. Af þessum 3,6 km<sup>3</sup> komu 2,1 km<sup>3</sup> fram í Gígjukvísl, 1,2 km<sup>3</sup> í Skeiðará og 0,2 km<sup>3</sup> komu fram í Núpsvötnum.




## BREYTINGAR Á FARVEGI GÍGJUKVÍSLAR




SAMKVÆMT LOFTMYNDUM FRÁ 1945, 1946, 1960, 1986 OG 1996



IK 9701.0011



Skeiðará séð frá upptökum í jöklum til sjávar





▲ Dýptarkort af Vestra Friðmundarvatni

◀◀ Rennsli í Hvítá við Hvítárvatn mælt á báti

◀ Sigurjón Rist, frumkvööull í vatnamælingum á Íslandi

▼ Straumhraðamælir nr. 1, íslensk smíð







Vatnshæðarmælir nr. 38 í Þverá í Nauteyrarhreppi



Rennsli í Hamarsá mælt af kláfi



Vatnamælingamaður tilbúinn að vaða  
Geldingsá í Skagafirði til rennsismælinga



## Orkubúskaparrannsóknir

Helstu verkefni á sviði orkubúskapar eru:

- Að safna gögnum um orkuvinnslu, orkunotkun, inn- og útflutning orku svo og orkuverð, og gefa út skýrslur um það efni.
- Að fylgjast með þróun orkuverðs og gjaldskrám orkuveitna.
- Að veita innlendum og erlendum aðilum upplýsingar um orkumál.
- Að vinna að langtímaáætlunum um orkubúskap þjóðarinnar, m.a. að gera orkuspár.
- Að stuðla að hagkvæmri orkunýtingu hér á landi.

### Gagnasöfnun – upplýsingamiðlun

Safnað er gögnum um flesta þætti orkumála, svo sem um framleiðslu, innflutning, notkun og verð á orku og um vissa þætti í rekstri orkumannvirkja.

Gagnaúrvinnsla hefur verið með svip-

uðum hætti og undanfarin ár og vílast til umfjöllunar í yfirliti orkumálastjóra í því sambandi. Lagðar voru fram upplýsingar um orkumál á fundum orkuveitusambandanna.

Reglulega eru upplýsingar um orkunotkun og orkuvinnslu sendar ýmsum fjölpjóðlegum samtökum, svo sem NORDEL, Sameinuðu Þjóðunum (UN), Alþjóðlegu orkustofnuninni (IEA) og Alþjóðlega orkuráðinu (WEC). Ennfremur er sinnt margvíslegum óskum, frá þessum aðilum og fleirum, um upplýsingar vegna athugana á einstökum þáttum orkumála. Í því sambandi má nefna ýmsar skýrslur Norrænu ráðherranefndarinnar um orkumál.

Á deildinni fer fram skráning upplýsinga um ný borverk í gagnagrunn Orkustofnunar.

Lokið var vinnslu nýs heftis af ritinu Orkumál, sem geymir upplýsingar um orkunotkun hér á landi árið 1994. Þetta er fyrsta heftið sem kemur út í allmög ár, en áförmáð er að í framtíðinni komi árlega út slíkt yfirlit yfir orkumál.

### Orkuspár

Meginverkefnið á þessu sviði var vinna fyrir Orkuspárnefnd. Að nefndinni standa Hagstofa Íslands, Hitaveita Reykjavíkur, Húsnaðisstofnun ríkisins, Landsvirkjun, Orkustofnun, Rafmagnsveita Reykjavíkur, Rafmagnsveitur ríkisins, Samorka og Þjóðhagsstofnun.

Á vegum Orkuspárnefndar starfa þrí vinnuhópar: raforkuhópur, jarðvarma-hópur og eldsneytishópur. Hóparnir annast undirbúnung orkuspáa hver á sínu sviði, en nefndin skilgreinir grunnforsendur sem ganga inn í spárnar, leggur meginlinur varðandi vinnu hóp-anna og samræmir hana. Hóparnir hafa fengið fjölmarga aðila til að koma á fundi sína og veita upplýsingar um ýmsa þætti er tengjast gerð spánna.


Á árinu var gefin út skýrsla um áhrif ytri þátta á aflþörf í raforkukerfinu, með sérstakri áherslu á lofthita. Einnig kom út endurreiknuð raforkuspá. Þá kom út ný húshitunarspá fyrir tímabilið 1996-2025. Samkvæmt henni verður aukning í orkunotkun til húshitunar 1,1% á ári að meðaltali yfir spáttímabilið. Á sama tímabili er gert ráð fyrir að hlutur jarðvarma í húshitun aukist í 89%, en að hitun með ólíu verði nánast útrýmt. Á árinu gaf Orkuspárnefnd í fyrsta sinn út sérstaka skýrslu um almennar forsendur orkuspáa, en áður var þessu efni gerð skil í orkuspám einstakra orkugjafa. Unnið er að nýrr jarðvarma-spá.

### Orkukerfi

Orkustofnun tók þátt í starfshópi um rekstrartruflanir í raforkukerfinu eins og undanfarin ár. Markmiðið með þessu starfi er að auðvelda áætlanagerð um uppbryggingu og rekstur raforkukerfisins og einnig mat á áhrifum raforkuskerðingar. Hlutverk Orkustofnunar er fyrst og fremst að taka saman og gefa út skýrslu um rekstrartruflanir í raforkukerfinu fyrir allt landið.

### Önnur verkefni

Orkubúskapardeild tók þátt í samstarfi undirnefnda Norrænu ráðherranefndarinnar (orkuráðherrar) og deildin leggur Orkuráði til ritara.



Notkun jarðhita í heiminum 1995. Heimild: Survey of Energy Resources, WEC 1995.

Utilization of geothermal energy in the world in 1995.

### Rannsóknir á orkulindum í nýtingu

Jarðhitadeild sér um vinnslueftirlit fyrir allmargar hitaveitur á landinu. Farin er ferð árlega til að safna vatnssýnum frá hitaveitum til að fylgjast með efnainnihaldi vatnsins. Fylgst er með hita og þrystingi í jarðhitakerfum og víða eru gagnasöfnunartæki til þess að safna gögnum um vinnsluna.

#### Hitaveita Reykjavíkur

- Almennt: A undanförmum árum hafa þyngdar- og segulkort af höfuðborgarsvæðinu verið rannsókuð og nýjum mælipunktum bætt við. Þetta verk, sem unnið er af Orkustofnun og Raunvísindastofnun, er nú langt komið og ljóst að gögnin bæta töluverðu við þekkingu á berggrunni á svæðinu. Einkum sjást vel innskot sem tengjast fornri eldstöð, og virðast ábendingar um innskot vestan frá Laugarnessvæðinu og austur fyrir Úlfarsfell, en að sunnan frá Fífuhammi norður um Kjalarnes. Eðlisléttari móbergsmýndanir sýna greinilega andstæðu við innskotabergið. Þá má greina norðaustlæg brot í austurjaðri borgarinnar. Lokaskrefið í þessu verki er að rannsaka betur fínni drætti í berggrunninum, einkum með segulmælingum á sjó og landi, en flestar tiltækjar segulmælingar á höfuðborgarsvæðinu eru gerðar úr flugvélum í 500 eða 150 m hæð. Segulmælingar á jörðu niðri í þéttbýli eru erfiðar vegna ýmis konar truflana. Tilraunamælingar á Laugarnessvæðinu sýna þó að gerlegt er að nota mælingarnar og greina smáatriði í segulsviðinu. Þannig sást í mælingunum að mikill berggangur tvískiptur gengur inn til landsins undir Kirkjusandi og Sundlaugavegi/Hríssateigi. Grunnt virðist vera á þykkt innskot við Þvottalaugarnar í Laugardal og er líklegt að þetta innskot hafi áður fyrr leitt heita vatnið upp í laugarnar þar.

- Rannsóknarholur: Boraðar voru tvær 1000 m djúpar rannsóknarholur, HS-47 og HS-48, til að kanna útjaðra vinnslusvæða Hitaveitu Reykjavíkur. Fyrri holan er við íþróttasvæði ÍR í Breiðholti, en sú

síðari í landi Hofstaða í Garðabæ. Holurnar voru hitamældar, en úrvinnsla borsvarfs fer fram síðar. Holan á ÍR-vellinum er í aðstreymissvæði Elliðaársvæðisins og er hiti á 1 km dýpi um 60°C, eða um 40°C lægri en inni á vinnslusvæðinu. Ekki er ljóst hvort þrystibreytingar vegna vinnslunnar nái til holunnar, en það mun verða kannað. Holan við Hofstaði er langt sunnan allra vinnslusvæða og er hiti lágar, eða aðeins 27°C á 1 km dýpi. Á árinu var farið yfir gögn um HS-holur boraðar 1994-5 og þær jarðlagamældar, borsvarf greint og niðurstöður birtar í skýrslum. Nú er unnið að enduskoðun hitastigulskorts fyrir Höfuðborgarsvæðið, þar sem upplýsingar um hitastigul, m.a. mældan í HS-holum síðustu ára, verður bætt við eldri gögn.

- Laugarnessvæði: Hafin var úrvinnsla hitamælinga úr öllum borholmum á Laugarnessvæðinu og nágrenni þess með það fyrir augum að meta hita í berggrunni niður á 1-3 km dýpi. Áður hafa sambærilegar rannsóknir verið gerðar fyrir Elliðaárvæðið og Reykjavarðin. Verkinu lýkur á árinu 1997 og munu þá liggja fyrir á kortum upplýsingar um berghita á svæði sem nær frá Hafnarfirði norður í Hvalfjörð og austur um Heiðmörk og Mosfellsheiði.

- Reykjavík í Mosfellsbæ: Áfram var unnið að úrvinnslu jarðfræðigagna úr borholmum á svæðinu. Unnið var að þunnsneiðathagunum og gerð ummyndunarsniða fyrir borholur á Suður Reykjum. Þá hefur verið unnið að gerð jarðhitakorts fyrir Reykjavarðin og nágrenni þeirra. Á kortinu verður sýnt hvar laugar og hverir voru á svæðinu áður en djúpdæling hófst úr Reykjavarðunum. Þá munu einnig sjást þeir jarðhitastaðir sem enn eru virkir í nágrenninu. Þess má geta að nokkrar 15-20°C heitar volgrur fundust austur með Grímmansfelli, nokkru austar en áður var þekkt. Jarðhitakortið er nánast tilbúið, en ekki tókst að ljúka útgáfu þess fyrir áramót.


- Nesjavellir: Fæstar þeirra vinnsluholna á Nesjavöllum, sem ekki eru í notkun fyrir virkjunina, höfðu blásið

síðan 1987. Á síðasta ári voru flestar þessara holna blástursprófaðar sérstaklega vegna hugmynda um stækkun virkjunarinnar til rafmagnsframleiðslu. Holurnar reyndust óbreyttar í afli frá fyrri mælingum utan holu NJ-14, sem ruddi úr sér grjóti og tvíefldist við það í afli og afköstum. Jarðhitadeild annaðist hita- og þrystimælingar í holunum fyrir og eftir blástur. Pessar mælingar félru inn í hið árlega mælingaeftlit. Segja má að holurnar á Nesjavöllum hafi staðist vel tímans tönn. Hiti hefur lítið breyst en þrystingur fer hægt lækkandi í samræmi við spár hermireikninga. Á undanförmum árum hefur jarðfræði Nesjavallakerfisins verið rannsókuð kerfisbundin. Á síðasta ári hófst tvíbætt rannsókn: Annars vegar er um að ræða bergfræðikönnun á „vatnsgæfum“ innskotum til að meta aldur þeirra með samanburði við bekktar yfirborðsmyndanir, og hins vegar rannsókn er lýtur að mælingum á vökvabólum til að meta hitabreytingar í Nesjavallakerfinu.

- Kolviðarhóll: Gerðar voru árlegar hita- og þrystimælingar í holu KhG-1 til eftirlits með þessum hluta Hengilssvæðisins. Vatnsborð hefur farið hækkandi í holunni síðustu árin og skýrist það af hækkandi hita á 400-1300 m dýpi. Hitabreytingin frá 1992 á þessu dýptarbili er að meðaltali um 20°C. Líklegasta skýringin á upphituninni er sú að sprungur nærri holunni hafi opnast og leiði nú heitara vatn að efri jarðlögum við holuna.

- Ölkelduháls: Hola ÖJ-1 var boruð um áramótin 1994/5. Á síðasta ári voru í fyrsta sinn mældur hiti og þrystingur í holunni til að fylgjast með breytingum á þessu svæði. Of snemmt er að segja til um hvort svæðið sé í breytingum, en það er ekki ólíklegt miðað við þá skjálftavirkni sem verið hefur viðvarandi á svæðinu síðustu árin.

- Hengill – Almennt: Fall- og hæðarmælt var frá Hellisheiði yfir Ölkelduháls. Skjáftar hafa verið tíðir á þessu svæði undanfarin ár og hefur mælst landris á svæðinu og er svo enn. Samanburður mælinga á síðustu árum sýnir að rismiðjan er nærrí Ölkelduhálsí og nemur ris þar um 17 mm/ári. Áfram verður fylgst með þessum breytingum. Þyngdarmælingar á svæðinu sýna breytingar í eðlismassa tiltölulega grunnt undir Ölkelduhálsisvæðinu. Breytingin er skýrð á þann veg að gufusvæði á nokkur hundruð metra dýpi rýrni og vatn komi í staðinn. Örsökin gæti



TEM-viðnámsmælingar á Reykjaneseskaga sýna að háhitasvæðið á Reykjanesi er stærra en áltið hefur verið og að Eldvörp og Svartsengi eru eitt og sama svæðið. Ef jafnvægi er á milli ummyndunar og hita endurspeglar háviðnámskjarninn hitastig > 240°C.

A resistivity survey using TEM-soundings in Reykjanes peninsula showed an extensive high-temperature field at Reykjanes, and Eldvörp and Svartsengi as one field.

verið rennsli kalds vatns að ofan niður í gufusvæðið.

#### Hitaveita Akureyrar

Auk venjubundins vinnslu- og efna-eftirlits á vinnslusvæðum Hitaveitu Akureyrar var unnið að jarðhitaleit á Uppsöldum í Eyjafjarðarsveit fyrir hitaveituna. Beitt var viðnámsnáðsmælingum til að kanna uppstreymi heits vatns á svæðinu. Í ljós kom að uppstreymið er bundið sprungubelti fremur en einni sprungu í hlíðinni ofan við bæinn.

Lokið var við úrvinnslu á TEM-mælingum í vestanverðum Eyjafirði, allt frá Glerárdal suður að Botni. Mælingarnar sýndu merki um öflugt jarðhitasvæði á miklu dýpi ofan við Botn. Þær sýna ákveðna jarðlagaskiptingu niður á allt að 1700 metra dýpi. Vatnsgjöfum lag sem sést í hlíðum Glerárdals og Hlíðarfjalli má rekja niður á 800-900 metra dýpi við Botn og virðist það taka þátt í útbreiðslu jarðhitans þar.

Tilraun með niðurdælingu í lághitasvæði: Á árinu samþykkti Evrópusambandið að veita Hita- og Vatnsveitu Akureyrar, Orkustofnun, Háskólanum í Uppsöldum, Rafmagnsveitun ríkisins og Hochest Danmark as. allt að 54 milljóna króna styrk til að gera þriggja ára tilraun til niðurdælingar bakrásarvatns í jarðhitakerfið á Laugalandi Eyjafirði.

Markmið verkefnisins er að sýna fram á að auka megi afl og orku jarðhitasvæða í sprungukerfum á ódýran hátt með niðurdælingu. Lögð verður bakrásarlögn frá Akureyri, 13 km leið að Laugalandi og dælt niður í tvær djúpar holar undir talsverðum þrystingi. Fylgst verður grannt með viðbrögðum kerfisins við niðurdælingunni, bæði forðafræðilegum viðbrögðum og hugsanlegri smáskjálftavirkni. Verkefnið hófst formlega 1. sept. 1996 og mun standa rúm 3 ár. Orkustofnun mun hafa yfirumsjón með hinum vísindalega þætti verkefnisins en verkefnistjórn er í höndum Hita- og Vatnsveitu Akureyrar.

#### Hitaveita Suðurnesja

Vinna Orkustofnunar fyrir Hitaveitu Suðurnesja var meiri á árinu 1996 en undanfarin ár. Umfangsmestar voru TEM viðnámsmælingar á Reykjanesi, í Sandvík og allt austur að Eldvörpum til að kanna útbreiðslu háhitans vestast á Reykjaneskaganum. Einnig var unnið að jarðfræðikortlagningu á þessu svæði og norður fyrir Hafnir sem bætist við fyrri ára kortlagningu á Svartsengissvæðinu. Því styttilst í að samfelljarðfræðikort í mælikvarðanum 1:25.000 á LUK formi (GIS) nái yfir allan Reykjaneskaga vestan Fagradalsfjalls. Sérkort var unnið af jarðhitasvæðinu á Reykjanesi sem sýnir m.a. jarðhita og jarðhitaummerki. Áform eru

uppi um aukna nýtingu jarðhitasvæðanna á utanverðum Reykjaneskaganum m.a. fyrir magnesíumverksmiðju. Magnesíummálmurinn yrði unnin úr sjó og voru sýni tekin til að ákvarða styrk þess í sjó bæði við ströndina og í borholum. Álitsgerðir voru samdar um borstaði til ferskvatns- og sjávartóku fyrir verksmiðjuna.

Hann 18. október voru 20 ár liðin frá því vinnslan hófst úr jarðhitakerfinu í Svartsengi og vatni hleypt á til Grindavíkur. Mælingar og eftirlit með áhrifum vinnslu á jarðhitakerfið hafa verið reglubundnar allan þennan tíma. Nú voru þessar mælingar notaðar til að spá fyrir um áhrif tvöföldunar á gufuvinnslu vegna áforma um að auka raforkuframleiðsluna samfara endurbyggingu elsta hluta orkuversins. Til þess voru tvö ólík straumfræðilíkön notuð, einkum til að spá fyrir um áhrif meiri vinnslu úr gufupúðanum um grunnar holur. Bar niðurstöðunum allvel saman. Borholan í Eldvörpum og ein vinnsluhola í Svartsengi voru afkastamældar með nýjum tækjum hitaveitunnar til ákvörðunar á massaflæði og vermi. Yfirlitsskýrsla var samin um breytingar á efnasamsetningu jarðhitavökvars og afleiðingar hægrar afgosunar skýrðar. Mælingar voru gerðar til að kanna virkni einstakra



Boraðar voru tvær holar í Kröflu vegna fyrirhugaðrar stækkunar Kröfluvirkjunar. Ljósm. Ásgrímur Guðmundsson.

*Drilling at Krafla high-temperature area following the decision to expand the Krafla electric power plant.*

vinnslutækja vegna vinnu við endurhönnun orkuvers I. Sýni voru tekin úr öllum ferskvatnsbólum hita- og vatnsveitunnar og eftirlitsholum til að fylgjast með langtímaþreytingum. Svo viðtæk sýnataka var síðast gerð fyrir 10 árum.

#### **Hitaveita Seltjarnarness**

Hjá Hitaveitu Seltjarnarness var tengd ný vinnsluhola haustið 1995. Hún var í fullri vinnslu allt árið 1996 og er komin góð reynsla á hana. Hitastig vatnsins er um  $110^{\circ}\text{C}$ , sem er heldur lægra en búist var við. Niðurdráttur samfara

vinnslu úr holunni er hins vegar mun minni en fyrstu vinnsluspár gáfu til kynna.

#### **Selfossveitur**

Á árinu var unnið áfram að jarðhitaleit í nágrenni Selfoss auk venjubundins vinnslueftirlits. Í byrjun árs var lokið við borun um 1260 metra djúprar rannsóknarholu suð-austan við vinnslusvæðinu og gefur hún  $15 \text{ l/s}$  af yfir  $80^{\circ}\text{C}$  heitu vatni. Þá var boruð 210 metra könnunarholu við Reykjahlíð austan

svæðisins, en með henni var jarðhitakerfið afmarkað til austurs. Nú er unnið að því að afmarka uppstreymisrás jarðhitakerfisins með könnun á jarðlagaskipan, sprungum, ummyndun og hitastiði. Ráðgert er að þessum rannsóknunum ljúki fyrrihluta árs 1997.

#### **Hitaveita Blönduóss**

Hitaveita Blönduóss stóð fyrir borun djúprar rannsóknarholu á Reykjum á Reykjabraut. Hitaveitan hefur staðið fyrir viðnámsmælingum og borun hita-leitarholna á Reykjum, með það að markmiði að finna djúpa aðfærsluæð jarðhitakerfisins. Afmarkaður var blettur 200-300 m sunnan við númerandi vinnsluholur veitunnar til frekari skoðunar. Skortur á varaffli hjá Hitaveitu Blönduóss varð til þess að rannsóknarholu var boruð nú í summar. Árangur varð mjög góður af boruninni. Skilaði æð á rúmlega 300 m dýpi kringum  $50 \text{ l/s}$  af  $75^{\circ}\text{C}$  vatni í loftdælingu. Er það ámóta vinnslugeta og í öllum eldri holum veitunnar til samans.

#### **Landsvirkjun – Kröfluvirkjun**

Eins og getið var um í árskýrslu Orkustofnunar 1995 þá voru uppi áform í lok ársins að huga að stöðu Kröfluvirkjunar og stækka hana þá upp í 60 MW. Orkustofnun hafði í langan tíma bent á að hún væri einn hagkvæmasti virkjunarkosturinn í raforku-iðnaðinum. Í apríl 1996 kom út einskonar úttektarskýrsla á stöðu Kröfluvirkjunar frá VGK og Rafteikningu. Þar er fjallað um kostnað við niðursetningu vélar 2, stækkun gufuveitu og aukna gufuöflun með borunum til þess að virkjunin gæti framleitt 45 MW undir lok ársins 1997. Í ljósí þessarar úttektar var ákveðið að bora tvær lágþrýstiholur í Leirbotnum niður á um 1100 m dýpi og reyna að gera við holur KG-26 og KG-25. Borframkvæmdir stóðu yfir frá því í byrjun ágúst og fram í lok nóvember. Orkustofnun var sem áður að-alráðgjafi í gufuöflunarmálum og í mati á jarðhitavæðinu auk þess sem hún veitti Jarðborunum hf. þjónustu og ráðgjöf meðan á borun stóð. Nýboranirnar gengu vel, en viðgerðirnar urðu frekar brösótar. Árangur var ekki ljós fyrir áramót. Fljóttlega eftir að boranir byrjuðu hófst undirbúningur að því að koma virkjuninni upp í full afköst. Til að svo megi verða var ljóst að halda þarf áfram borunum eftir gufu. Orkustofnun var falið að vinna forðafræðiúttekt (hermireikninga) af svæðinu til að gera holustaðsetningar markvissari. Reiknað er með að þeirri vinnu ljúki eigi seinni en í apríl 1997. Eftirlitsmælingar í borholum skipuðu sinn fasta sess á árinu og var fylgst með svæðinu með hefðbundnum hætti og gerð grein fyrir niðurstöðum í skýrslu þar um.

## **Umhverfisáhrif jarðhitanytingar**

Átaksverkefnið *Umhverfisáhrif jarðhitanytingar* hófst árið 1991 sem samstarfsverkefni milli Orkustofnunar, Hitaveitu Suðurnesja, Hitaveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar. Umhverfisráðuneytið hefur einnig tekið þátt í samstarfinu og bæði átt fulltrúa í samstarfsnefnd aðilanna og greitt hluta rannsókananna. Um er að ræða átaksverkefni til nokkurra ára og er tilgangur verkefnisins fyrst og fremst að gera úttekt á stöðu umhverfismála á þeim svæðum, sem þegar eru virkuð, og gera tillögur um eftirlit og rannsóknir tengdar umhverfismálum á þessum svæðum í framtíðinni og ýta úr vör langtímaeftirliti með helstu umhverfispáttum. Áætlað er að gera átaksverkefnið upp sem sílkt á árinu 1997, en væntanlega verður í framhaldi af því skilgreint nýtt langtímaverkefni á þessu svíði. Helstu verkþættir verksins hafa verið:

- Frumúttekt á virkuðum háhitasvæðum
- Mælingar á gasi í andrúmslofti á virkuðum og óvirkuðum jarðhitasvæðum
- Rannsókn á smáskjálftavirkni á jarðhitasvæðum
- Rannsókn á myndun og útbreiðslu gufupúða á virkjunarsvæðum
- Landmælingar og þyngdarmælingar á jarðhitasvæðum til að rannsaka áhrif massatökum
- Rannsóknir á grunnvatni
- Mat á breytingum á náttúrulegu gufustreymi
- Aðferðir til gaslosunar
- Niðurdæling affallsvatns
- Athugun á erlendum reglugerðum um umhverfismál jarðhitavinnslu
- Þróun fjarkönnunaraðferða til umhverfisrannsókna
- Umhverfisáhrif náttúrulegs jarðhita

Á árinu 1996 var unnið í samvinnu við verkfraðistofuna Hönnun hf. við lokagerð umhverfisúttektar á jarðhitasvæðinu í Bjarnarflagi vegna fyrirhugaðrar gufuaflsvirkjunar Einnig var unnið að „núllgrunnsúttekt“ á jarðhitasvæðinu á Reykjanesi og liggur fyrir uppkast að skýrslu um það verk.

Á árinu var lokið við langtímaþælingar á brennisteinsvetni og brennisteinstvíoxið á jarðhitasvæðunum á Nesjavöllum og í Bjarnarflagi og gefin út skýrsla um niðurstöðurnar. Einnig var lokið við mælingar á þessum gastegundum í Rafossi og við Korpu, en þær voru lið-

ur í rannsóknum á afdrifum brennsteinsvetnis í andrúmslofti. Gefin var út skýrsla um niðurstöður mælinganna. Unnið var úr athugunum á áhrifum úða og tæringar á virkjunarstöðum á Nesjavöllum og við Kröflu og gefin út skýrsla um þær. Hafnar voru tilraunir á hvarfhraða brennsteinsvetnis við mismunandi aðstæður. Út kom skýrsla um athuganir á búnaði til mælinga á gufustreymi úr gufu augum.

Unnið var við úrvinnslu á hæðar- og þyngdarmælingum, sem gerðar voru 1995 á Kröflu og Námafjallssvæði, en ekki tókst að ljúka henni að fullu á árinu.

Undirbúið var verkefni um rannsókn á grunnvatnskerfum á Námafjalls og Kröflusvæði, sem fer af stað á árinu 1997 og sótt um styrk til Rannsóknaráðs Íslands fyrir hluta kostnaðar.

Unnið var að úrvinnslu fjarkönnunar-gagna og voru valin úr sérstök svæði til nákvæmari skoðunar og mats á breytingum á varmaflæði með tíma. Ekki tókst að ljúka skýrslugerð um þennan verkþátt á árinu 1996.

Vegna niðurskurðar í fjárveitingu og að hluta til vegna veðurfars var mjög lítið unnið við umhverfisrannsóknir á óvirkuðum svæðum á árinu 1996. Var mjög bagalegt að missa úr ár í samfelldum athugunum á Peistareykjum og í Kverkfjöllum.

Á árinu 1997 stendur til að halda opinn kynningarfund um niðurstöður þeirra rannsókna, sem fram hafa farið innan verkefnisins. Líklega verður fundurinn haldinn í september og mun þá einnig koma út lokaskýrsla fyrir átaksverkið.

### **Ýmis verkefni**

Borholumælingar: Mælingar eru gerðar í nýboruðum holum til að fá grunnupplýsingar um jarðhitakerfin, en einnig í eldri borholum til fylgjast með þeim breytingum sem vinnsla úr kerfunum veldur. Á árinu 1996 voru mældir samtal 387.609 dýptarmetrar í borholmum á Íslandi. Mest var um hita- og þrýstimaðlingar, en einnig voru gerðar ýmsar mælingar til að kortleggja jarðlögg og eiginleika þeirra (viðnám, poruhluta), og til þess að kanna ástand borholna (holuvídd, steypugæði, botnfall o.fl.). Nýr borholu-mælingabíll var tekinn í notkun á árinu, en allur mælibúnaður í bílinn var hannaður af starfsmönnum Jarðhitadeilda og smíðaður hér lendis.

Efnarannsóknarstofan var rekin með hefðbundnu sniði árið 1996 og voru skráð um 570 vatnssýni til greiningar af köldu og heitu vatni á árinu. Auk

þess voru gerðar efnagreiningar í tengslum við þróunarfínu og mældar gastegundir vegna rannsókna innan samvinnuverkefnisins *Umhverfisáhrif jarðhitanytingar*. Einnig voru greind sýni af útfellingum í jarðhitamannvirkjum frá ýmsum stöðum. Gerð var ítarleg rannsókn á efnasamsetningu vatns og kísilleju úr Bláa lóninu fyrir „Bláa lóns nefnd“. Veruleg aukning var á efnagreiningum á vatnssýnum úr jökuláum, aðallega ánum á Skeiðarársandi í tengslum við umbrotin í Vatnajökli og hlaupið sem kom í kjölfar þeirra. Unnið var einnig að þróun aðferða til greiningar reikulla efna og forritagerð vegna úrvinnslu efnagreininga.

Á vegum Orkuspárnafndar var unnið að árlegri söfnun upplýsinga um vinnslu og sölu á heitu vatni hjá hitaveitum. Niðurstöðurnar eru nýttar við gerð orkuspá og einnig birtar á vettvangi Samorku. Einnig var unnið að gagnasöfnun um jarðhitanytingu almennt. Ný jarðvarmaspá er í undirbúningi, en þar verður gefið yfirlit yfir stöðu jarðvarmanotkunar hér á landi og spáð fyrir um þróun hennar.

Unnið var að mælingum á notkun varmaorku í gróðurhúsi þar sem tilraunir eru gerðar með aukna raflysingi. Þetta er hluti af samvinnuverkefni nokkurra aðila innan garðyrkju og orkuðnaðar.

## **Rannsóknir á orkulindum, sem ekki eru í nýtingu**

**Rannsókn jarðhita til raforkuvinnslu**  
Orkustofnun, Hitaveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og Landsvirkjun hafa gert með sérramasamning um þetta samvinnuverkefni. Hitaveita Reykjavíkur tók virkan þátt í þessu verki á árinu 1996, en önnur orkufyrirtæki ekki. Verkið er langtímaverkefni og skiptist í marga verkþætti. Á árinu 1996 var vinna í verkefninu að mestu leyti takmörkuð við þá verkþætti sem Hitaveita Reykjavíkur var aðili að.

- Frumrannsókn í Brennisteinsfjöllum. Skýrsla um TEM viðnámsmælingar kom út á árinu 1995. Flatarmál háhitasvæðisins á 500 m dýpi er um 15-20 km<sup>2</sup>, sem sýnir að það er af sambærilegri stærð og jarðhitasvæðið við Námafjall á sama dýpi. Skýrsla um jarðfræði svæðisins er í vinnslu. Rannsóknarboranir eru næsta skref í rannsókn svæðisins.
- Yfirborðsranndóknir á háhitasvæðinu við Torfajökul. Á árinu var frestað vinna við jarðfræðikortlagningu og



Á árinu var kortlagður yfirborðsjarðhiti á Hveravöllum á Kili. Myndin sýnir Rauðahver. Ljósm. Sigurður Sveinn Jónsson.

*Rauðhver hot spring at Hveravellir high temperature area.*

viðnámsmælingum á þessu svæði. Önnur vinna var í lágmarki þó svo að jarðefnafræðilegum athugunum á svæðinu væri fram haldið í litlum mæli. Mjög bagalegt er fyrir framgang þessa verks að fresta eða hætta við rannsóknarverk sem unnið hefur verið að um nokkurra ára skeið og er verkið komið það langt áleiðis að verklok eru í sjónmáli. Ef verkið hefst ekki aftur innan 1-2 ára má búast við að þær 22 milljónir króna sem þegar hefur verið varið í þennan verkþátt sé glatað fé.

Farið er að síga á seinni hluta þessa verks, og mætti ljúka því á tveim árum ef nægilegt fjármagn er fyrir hendri. Til þess að sú áætlun standist þarf þó að gagna frá grunnkortum í mælikvæða 1:20.000 af öllu svæðinu. Eins og sakir standa vantar tilfinnanlega tvö kortblöð. Jarðfræðilætuganir hafa sýnt að á svæðinu er mun eldra berg á yfirborði en áður var haldið. Einnig hefur fundist meiri jarðhitavirkni í suðausturhluta svæðisins en vitað var um áður. Alls hafa nú verið mældar 85 TEM mælingar á Torfajökulsvæði. Úrvinnsla mælinga er skammt á veg komin og því ekki hægt að segja mikið um viðnámsdreifingu innan svæðisins.

- Forðafræðistuðlar. Haldið var áfram mælingum á bergsýnum úr rofnum megineldstöðvum. Mældir eru ýmsir eiginleikar bergsins svo sem grop, lekt og eðlismassi. Mælingarnar eru gerðar í erlendum rannsóknarstofum, þar sem tæki eru ekki fyrir hendi hér á landi fyrir slíksra mælinga. Komið hefur í ljós kerfisbundinn munur á lektarmælingum gerðum með gasi og lektarmælingum gerðum með vatni. Unnið er að því að finna skýringu á þessu misræmi.

Samvinna er hafin við Tækniháskólann í Gautaborg, Jarðfræðastofnun Danmerkur og Rogaland rannsóknarstöðina í Noregi um verkefni við mælingar á íslenskum bergsýnum. Sérstakar athuganir verða gerðar á áhrifum grops á raf- og varmaleiðni bergs. Norrænn styrkur hefur fengist til þessarar samvinnu.

- Kjarnataka í háhitaholum. Á árinu 1995 var tekinn einn borkjarni úr holu sem boruð var á háhitasvæðinu við Ölkelduháls. Hitaveita Reykjavíkur kostaði sjálfa kjarnatökuna, en Orkustofnun sér um mælingar á kjarnanum. Haldið var áfram úrvinnslu mælinga sem gerðar voru á kjarnanum og niðurstöður bornar saman við borholumælingar og aðrar upplýsingar frá þessu svæði.
- Áhrif niðurdælingar á vinnslutilhögum á háhitasvæðum. Í þessum verkþætti eru áhrif niðurdælingar athuguð á fræðilegan hátt. Sett er upp einfalt reiknilíkán fyrir háhitasvæði og viðbrögð jarðhitakerfisins reiknuð fyrir mismunandi gerð jarðhitakerfa og mismunandi tilhögum á niðurdælingu. Fyrstu niðurstöður af þessum athugunum voru lagðar fram á Jarðhitaráðstefnunni í Flórens í maí 1995. Þar kemur fram að ef um er að ræða vatnskerfi eða tveggja fasa jarðhitakerfi skiptir varmanám úr bergi meira máli fyrir orkugetu kerfisins heldur en að viðhálða þróustingi í kerfinu. Í þannig vinnslu fæst betri nýting með því að dæla niður í jaðra kerfisins eða með tvípólvinnslu frekar en að vera með jafna dreifingu á niðurdælingaholum og vinnsluholum. Ef lekt jarðhitakerfa er mjög mikil og aðstreymi gott að svæðum virðist niðurdæling ekki hafa mikil áhrif á orkugetu svæðanna. Til þess að niðurdæling hafi marktæk áhrif á vinnslugetu háhitasvæða þarf magnið af niðurdælingarvökva að vera svipað og magnið af þeim vökva sem unninn er.

## Jarðhitarannsóknir á óvirkjuðum svæðum

Heitavatnafundur í Stykkishólmi. Rafmagnsveitur ríkisins og Stykkishólmsbær stóðu fyrir umfangsmikilli jarðhitaleit á norðanverðu Snæfellsnesi sumrin 1995 og 1996. Boraðar voru u.p.b. 50 grunnar hitaleitarholur í nágrenni Stykkishólms, Grundarfjarðar og Ólafsvíkur. Fljótlega kom í ljós að efnilegt hitasvæði var til staðar í landi Hofsstaða, í einungis 4-5 km fjarlægð frá Stykkishólmi. Leitarholurnar afmörkuðu nær 3 km langt hitasvæði í stefnu til NNV. Svæðið var síðan segulmælt til þess að skoða hugsanlega ganga eða misgengi. Boruð var tæplega 850 m djúp hola í syðri enda hitasvæðisins haustið 1996. Árangur varð framar vonum og skilaði holan kringum 40 l/s af 85°C vatni í loftdælingu. Eru það um 8 MW í varma miðað við 45°C kælingu og er það riflega hitunarþörfin í Stykkishólmi. Framundan er tilraunadæling holunnar og verður þar ákvárdæ með hvaða hætti má nýta efnaríkt holuvatnið til húshítunar. Engar laugar né önnur merki um jarðhita sjást þarna á yfirborði og var svæðið reyndar flokkað sem kalt í húshítunaráætlunum. Reynslan úr Stykkishólmi, sem og víðar, vekur spurningar um hvort stærð „köldu“ svæðanna hérlandis sé ekki ofmetin.

Unnið var að jarðhitaleit og forrannsóknum vegna borana eftir heitu vatni víða um land fyrir sveitarfélög auk einstaklinga. Þar má nefna Þórshöfn, Raufarhöfn, Varmahlíð, Drangsnes, Hornafjörð auk Dalabyggðar og Snæfellsness, þar sem Rafmagnsveitur ríkisins stóð fyrir jarðhitaleit eins og fyr segir.

Fyrri rannsóknum var fylgt eftir með borunum svo sem á Böðmóðsstöðum í Laugardal, í Selholti í Mosfellsbæ, Kjarnholtum í Biskupstungum, Krossabæ í Nesjum og á Laugum í Sælingsdal. Árangur varð alls staðar góður nema á Krossabæ.

Jarðhitadeild annaðist jarðhitaleit í Árskóghreppi að ósk sveitarstjóra. Markmiðið var að kanna hvort finna mætti nýtanlegan jarðhita nær þéttbýlinu á Árskógsströnd en við Ytri-Vík. Beitt var hitastigulsborunum, sprungukortlagningu ásamt athugun á dreifingu smáskjálfta. Í ljós kom að jarðhita er líklega að finna mitt milli þorpanna á Hauganesi og Litla Árskógssandi. Um svipað leyti fannst um 80°C heitt vatnskerfi við boranir hjá Ytri-Vík. Jarðfræðistofan Stapi stjórnaði leitinni þar fyrir landeiganda.

Jarðhitadeild sá um jarðhitaleit í



Góður árangur náðist við borun eftir heitu vatni í Selholti, Mosfellsbæ. Því var fagnað á viðeigandi hátt samtímis því að prufudælt var úr holunni í lok borunar. Ljósm. Sverrir Þórhallsson.

*Celebration of a highly successful drilling operation at Selholt in Mosfellsbær.*

Þykkvabæ fyrir Djúpárhrepp. Leitinni var aðallega beint að svæði þar sem svolítil smáskjálftavirkni er. Aðstæður til jarðhitaleitar í Þykkvabæ eru fremur erfiðar vegna þess að vel yfir 100 m þykk setlög hylja þar berggrunnum. Beitt var hitastigulsborunum og kom ljós smávægileg hækkan á hitastigli á svæði þar sem smáskjálftavirknin er. Ljóst þykir að bora þarf allt að 1000 m djúpa holu til að fá úr því skorið hvort nýtanlegan jarðhita er þarna að finna.

## Könnun orkulinda á hafsvotni

Fram var haldið vinnu við söfnun og

úrvinnslu mæligagna af landgrunni, og útgáfu korta. Einkum má minnast á ný þyngdar-, dýptar- og segulkort af landinu og víðu hafsvæði í kring.

Fram var haldið samvinnu við vísindamenn frá Háskólunum í Hokkaido og Bergen við rannsókn á gerð jarðskorpu á Jan Mayen-hrygg og svæðinu vestur frá hryggnum allt að Kolbeinseyjarhrygg. Þessi rannsókn byggðist á jarðsveiflumælingum sem gerðar voru 1995 með rannsóknaskipi frá Bergenháskóla og hlustunarstöðum á hafsvotni. Af niðurstöðum, sem varða hugsanleg hagnýt not, má nefna

að ábendingar eru um að þykk setlag-atrog liggi undir hafbotninum undan vesturhlíðum Jan Mayen-hryggjar. Einnig hafa fengist fyllri upplýsingar um jarðfræðileg tengsl svæðisins við landgrunn Grænlands fyrir daga landglioðunar. Mæliaðferðin reynist hentug fyrir svæði þar sem basalthraun og innskot gera hefðbundna olíuleitartækni með endurkastsmaelingum erfiða.

## Önnur verkefni

Sinnt var rannsóknar um setlögum við strönd Norðurlands. Lokið var við úrvinnslu endurkastsmaelinga í Öxarfirði, sem leiða í ljós gerð setla og brotakerfi í sigspildunni norður frá Kröflueldstöðinni. Þessar mælingar voru tilraun til að nota bergmáls- eða endurkasts-tækna við könnun þessarar setlag-dældar, og hefur það sannast að hún gefur nýjar upplýsingar um setlagagerð og brotakerfi svæðisins, sem ekki fást auðveldlega á annan hátt. Með hlíðsjón af þessum niðurstöðum má túlka fyrri rannsóknir í nýju ljósi.

Fyrir Vegagerðina var lokið við og unnin skýrsla um rannsóknir á hugsanlegum jarðgangaleiðum milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar um Héðinsfjörð.

Rannsakað var grunnvatn á nokkrum stöðum með tilliti til mengunar vegna sorpurðunar og nálægt vatnstökuvæðum vatnsveitna. Auknar kröfur um eftirlit á þessum þáttum hafa orðið til þess að jarðefnafræðideild hefur tekið að sér að hafa sílkt eftirlit með grunnvatn á nokkrum stöðum. Sérþekking deildarinnar á svíði mengunar, grunnvatns, sýnatoku og efnagreiningu ýmissa sporefna og þungmála nýtist vel við slík verkefni ekki síður en við rannsóknir á jarðhita, grunnvatni og vatnsorku.

Deildarstjóri jarðeðlisfræðideilda sat á árinu fyrir Íslands hönd í tveimur stjórnarnefndum 4. rammaáætlunar ESB á svíði vísinda og tækni. Um er að ræða orkurannsóknaráætlunar sem kallast Joule og Thermie. Auk setu á stjórnarnefndarfundum erlendis fylgdi starfinu veruleg vinna að kynningu á orkurannsóknaráætlununum innanlands.

Sérfræðingur á jarðeðlisfræðideild JHD sótti norrænan undirbúningsfund í Uppsöldum í febrúar, um notkun jarðeðlisfræði í umhverfisrannsóknum. Fargjöld og hluti upphalds var greitt af NorFA. Annar sérfræðingur jarðeðlisfræðideildar þáði heimboð háskólans í



Borað var eftir heitu vatni nálægt Stykkishólm, sem hingað til hefur verið kallað „kalt“ svæði. Holan gefur um 40 l/s af 85°C heitu vatni í loftdælingu og verður virkjuð til húshitunar í Stykkishólm. Ljósm. Benedikt Steingrímsson.

*A geothermal survey in a „cold“ area in Snæfellsnes resulted in drilling a successful well yielding appr. 40 l/s of 85°C water (during airpumping).*

Sapporo í Japan í mars, vegna samvinnu um hafbotnsrannsóknir. Gestgjafar greiddu fargjöld og hluta upphalds.

Deildarstjóra jarðefnafræðideilda var boðið að sitja fund Eurolab í Prag í Tékklandi í maí fyrir hönd Orkustofnunar. Eurochem á Íslandi, sem OS er aðili að er undirdeild Eurolab.

Deildarstjóri Forðafræðideilda JHD tók þátt í undirbúningi að samvinnuvekfinni um varmaleiðni og rafleiðni bergs, sem unnið verður í samvinnu við Tækniháskólan í Gautaborg og Jarðfræðistofnun Danmerkur.

Deildarstjóri forðafræðideilda JHD safnaði gögnum um jarðhita og jarðhitanytingu í Mexikó í nóvember. Verkið er hluti Alterner verkefnisins, sem miðar að útgáfu hvítrar bókar um jarðhita og er kostað að mestu af Evrópubandalaginu. Hann sótti einnig vinnufund um Alterner samninginn í nóvember í Barcelona á Spáni.

Virkir-Orkint og ORMAT gerðu tilboð í að reisa jarðgufuvirkjun á Olkaria jarðhitavæðinu í Kenýa. Deildarstjóri forðafræðideilda fór í október á þeirra vegum til þess að safna gögnum um jarðhitavæðið.

Samkvæmt samningi Verkfræðistofunnar Fjarhitunar og jarðhitadeilda fór sérfræðingur á forðafræðideild til Tyrklands í október til að safna gögnum

um jarðhitavæðið í Kizildere.

Lokið var við forðafræðiúttekt í Tangu í Kína, sem unnin var á vegum Virkis-Orkint.

Ráðgjöf var veitt og unnar hönnunar-forsendor fyrir hitaveitu í Galanta í Slóvakia. Orkustofnun seldi hitaveitunni einnig tæki og hugbúnað til gagnasöfnunar.

Undirritaður var samningur um rannsókn á borholu á Ólafsvöllum í samvinnu við jarðeðlisfræðistofnunina í Potsdam.

Jarðhitadeild tók að sér að halda tvö námskeið í El Salvador á vegum franska fyrirtækisins CFG. Tveir sérfræðingar á forðafræðideild fóru í maí og settu upp hermiforritið Tough2 og héldu námskeið um notkun þess. Sérfræðingur verkfræðideilda fór svo í desember og hélt námskeið um bortækni.

## Gagnavarsla

Á liðnu ári var unnið enn frekar í að koma upplýsingum um borholur í Oracle gagnagrunn Orkustofnunar. Stefnt er að því að finna landfræðileg hnit á öllum borholmum á Íslandi en þær eru yfir 6600 að tölu. Til eru hnitt af rúmlega 2000 borholmum en með skráningu á hnitud borholna er auðvelt að koma vinna á gögnum úr

þeim í landfræðileg upplýsingakerfi sem gerir hana auðveldari og gögnin aðgengilegri. Þetta er mikil vinna og verður að vinnast eftir hentugleikum á komandi árum. Upplýsingum um borun nýrra holna, svo sem bortíma, stærðir borkróna og fóðringa o. fl., er komið í gagnagrunninn eftir því sem þær berast, en mikil vinna er eftir við að skrá upplýsingar um eldri holur. Skráning slíkra gagna í gagnagrunn hefur gríðarlegt hagræði í för með sér þar sem gögnin verða geymd miðlægt og eru aðgengileg fyrir alla.

Allar mælingar sem gerðar eru í borholum eru settar í gagnagrunninn jafnóðum og þær berast. Einnig hefur verið unnið kerfisbundið að því að koma eldri mælingum á tölvutækt form og koma þeim í grunninn. Fjöldi skráðra mælinga í borholum er yfir 15.000 og er enn nokkur vinna eftir við að koma þeim öllum á tölvutækt form.

Unnið hefur verið að því að koma jarðfræðigögnum í gagnasafnið en þar er mikil vinna eftir.

Niðurstöður efnafræðigreininga eru

settar í gagnagrunnskerfið jafnóðum en mjög mikil vinna er eftir við að finna landfræðileg hnit sýnatökustaðanna.

Unnið er að því að koma öllum jarðeolisfræðilegum mælingum á yfirborði í gagnasafnið.

Unnið er að endurbótum á gagnasafni um nýtingu jarðhita.

## Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Jarðhitaskólinn var settur í átjánanda sinn 29. apríl 1996. Þetta árið voru nemendur fleiri en nokkuð sinni fyrr eða átján frá tólf löndum og komu frá Kostaríka (2), El Salvador (1), Filipsseyjum (1), Grikklandi (3), Guatamala (1), Indónesíu (2), Íran (1), Kenýa (2), Pakistan (1) Rúmeníu (1), Úganda (1) og Víetnam (2). Fimmtán nemendanna voru á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna og íslenska ríkisins, en þrír nemar frá Grikklandi voru kostaðir af EFTA-EES sjóði. Einn fyrrum nemandi skólans frá El Salvador, sem útskrifað-

ist 1994, kom aftur á vegum Alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar í tveggja mánaða sérhæft nám í notkun ferilefna við niðurdælingu í jarðhitakerfi.

Þetta var í fyrsta sinn sem nemendur koma frá Íran, Pakistan og Víetnam. Þrjár konur voru í hópnum, frá Filipsseyjum, Grikklandi og Rúmeníu. Nemendurnir skiptust á námsbrautir sem hér segir: Forðafræði 5, efnafræði 4, verkfræði 3, jarðfræði 2, borholujarðfræði 2, jarðeolisfræði 1, og borholumælingar 1.

Á átján ára starfsferli skólans hafa 181 nemandi frá 33 löndum lokið sex mánaða námi við hann. Þar af hafa verið 23 konur (13%). Nemendurnir hafa skipst á heimsálfur sem hér segir: Asía 45%, Afríka 25%, Rómantska Ameríka 16% og Austur-Evrópa 14%. Auk þess hafa yfir sextíu manns komið í styttí heimsóknir og námsdvalir (2 vikur til 3 mánuði) á vegum skólans.

Kennslan var einkum í höndum sérfræðinga Jarðhitadeildar Orkustofnunar, en einnig komu þar að sérfræðingar frá Háskóla Íslands, verkfræðistof-



Nemendur Jarðhitaskólans 1996, aftari röð frá vinstri: Rodolfo Bogarin (Kostaríka), Osvaldo E. Vallejos (Kostaríka), Phan Van Tuyen (Víetnam), Emmanuil Karras (Grikklandi), James M. Wambugu (Kenýa), Konstantino Velgrino (Grikklandi), Oana Stänäsel (Rúmeníu), M. Irhas (Indónesíu), Tran Trong Thang (Vietnam), Khosrow Khosrawi (Íran), Cornel Ofwona (Kenýa). Fremri röð frá vinstri: Konstandinia Panagioutou (Grikklandi), Rosanna Requejo (Filipsseyjum), Arturo Quezada (El Salvador), Muh. Yustin Kamah (Indónesíu), Renato Rodas (Guatamala), Abdul Hafeez Malik (Pakistan), David Kyagulanyi (Úganda). Ljósmynd: Lúðvík S. Georgsson.

*Fellows of the 18th annual course of the UNU Geothermal Training Programme in 1996 from Costa Rica, Guatemala, El Salvador, Kenya, Uganda, Vietnam, Philippines, Indonesia, Iran, Pakistan, Greece and Rumania.*

um og hitaveitum. Árlegur gestafyrirlesari Jarðhitaskólangs var Dr. John Lund, prófessor og deildarforseti verkfræðideilda Oregon Institute of Technology í Bandaríkjum. Hann er meðal þekktustu sérfræðinga heims í beinni nýtingu jarðhita. Hann flutti sex fyrilestra sem voru mjög vel sóttir. Fyrilestrarnir verða gefnir út árið 1997.

Á árinu var farið á vegum skólans til Mexikó og Túnis að velja nemendur og heimsækja jarðhitastofnanir. Forstöðumaður Jarðhitaskólangs flutti erindi á World Renewable Energy Congress í Denver í Bandaríkjum í júní og alþjóðlegri jarðhitaráðstefnu í Guadalajara í Mexikó í nóvember. Hann tók einnig þátt í stjórnarfundum Alþjóðajarðitasambandsins í Tókýó í mars og í Mexikó í nóvember. Hann var kjörinn forseti Alþjóðajarðitasambandsins í nóvember 1995 til þriggja ára.

Jarðhitaskólinn er rekinn samkvæmt samningi milli Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókýó og Orkustofnunar f.h. íslenska ríkisins. Fjárfamlög til Jarðhitaskólangs árið 1996 komu frá íslenska ríkinu (70%), Háskóla Sameinuðu þjóðanna (14%), og EFTA/EES sjóði vegna Grikkja (16%).

Aðalstöðvar Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSþ) eru í Tókýó í Japan. Mest-öll kennsla á vegum skólans fer fram í tengdastofnum víða um heim. Jarðhitaskólinn sér um öll mál sem snerta jarðhita á vegum HSþ og Orkustofnun hefur fram til þessa verið eina tengdastofnun hans á Íslandi. Rektor HSþ óskaði eftir því vorið 1995 að kannaðir yrðu möguleikar á að stofna Sjávarútvegsskóla HSþ á Íslandi með svipuðu fyrirkomulagi og Jarðhitaskólan. Ríkisstjórnin létt slíka könnun fara fram og sendi síðan í október 1995 formlegt boð til HSþ um stofnun Sjávarútvegsskóla HSþ á Íslandi. Rektor HSþ skipaði í mars 1996 alþjóðlega matsnefnd til að fara yfir tillögur íslenskra stjórnvalda um stofnun Sjávarútvegsskólangs. Forstöðumaður Jarðhitaskólangs var formaður þeirrar nefndar. Á grundvelli skýrslu nefndarinnar ákvað rektor HSþ að taka tilboði Íslands. Ríkisstjórnin ákvað í júlí 1996 að stefna bæri að því að fyrstu nemendurnir kæmu í Sjávarútvegsskóla HSþ á Íslandi vorið 1998.

## Ráðstefnur og kynningarstarf

Orkumálastjóri fór tvívegis til Kaupmannahafnar til þess að sitja fundi í orkurannsóknaneftnd sem starfar á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Hann sótti fund í framkvæmdaráði NORDEL í Kristiansand og ársfund sömu samtaka á Gotlandi. Hann tók einnig þátt í framkvæmdasamkundu á vegum Alþjóða orkurráðsins.

Ritari orkumálastjóra sótti fund Evrópusamtaka ritara á Ítalíu.

Forstöðumaður Vatnsorkudeilda (VOD) sat ársfund Alþjóðaneftndar um stórar stíflur sem haldinn var í Santiago í Chile.

Deildarstjóri vatnamælingadeilda VOD sótti fund Norræna vatnafræðifélagsins í Kaupmannahöfn í janúar og tók svo þátt í fundi vinnuhóps á vegum norrænu vatnafræðistofnananna ásamt sérfræðingi á vatnamælingadeild, sem sótti svo fundi á vegum norrænu vatnafræðistofnananna í Osló í mars og nóvember. Sami deildarstjóri sótti stjórnarfund Norræna vatnafræðifélagsins ásamt sérfræðingi á vatnamælingadeild í Stokkhólmi í apríl, sem einnig sótti fund samræminganeftndar um vatnafræði á Norðurlöndum í Stokkhólmi í febrúar og vinnufund á vegum Nordisk Hydrologisk Program í Helsinki í nóvember. Deildarstjórinн sótti vinnufund Advanced Research Workshop um rekstur mælikerfa og gagnabanka í Tyrklandi og fund Alþjóða Veðurfræðistofnarinnar í Þýskalandi í desember. Sérfræðingur á vatnamælingadeild sat fund Alþjóða jöklafræðifélagsins í Noregi í júní.

Sérfræðingur á jarðfræðideild VOD sótti fund í nefnd um landupplýsingakerfi (GIS) á vegum norrænu vatnafræðistofnananna í apríl og sérfræðingur á áætlanadeild Vatnsorkudeilda sótti ráðstefnu um ARC-INFO landupplýsingakerfið í Bandaríkjum í maí.

Deildarstjóri landmælingadeilda VOD dvaldi um tveggja vikna skeið við þýsku landmælingastofnunina í Frankfurt og tók þátt í úrvinnslu gerfitungla-mælinga.

Deildarstjóri umhverfismála VOD sótti skipulagsfund í Oslo vegna Evrópsks samvinnuverkefnis sem Orkustofnun tekur þátt í.

Forstöðumaður Jarðhitadeilda (JHD) sótti árlegan fund forstjóra jarðfræðistofnana í Evrópu sem haldinn var í Ungverjalandi í september.

Yfirverkefnisstjóri JHD sat fund um stofnun OPET á Islandi. Fundurinn var haldinn á vegum Evrópuráðsins í ágúst í Stokkhólmi.

Deildarstjóri jarðefnafræðideilda JHD sótti ráðstefnuna „Clay minerals in modern society“ í Oslo í maí og hélt þar erindi. Sérfræðingur jarðefnafræðideilda sótti ráðstefnuna Water-Rock Interaction í Prag, Tékklandi í júní og hélt þar tvö erindi.

Deildarstjóri verkfræðideilda JHD sótti ráðstefnu um bortækni, sem haldin var í júlí í Reno í Bandaríkjum.

Sérfræðingur jarðfræðideilda JHD sótti ráðstefnu um brot og inniskot sem verða við togspennu í bergi. Hún var haldinn í september í London. Annar sérfræðingur jarðfræðideilda skoðaði uppsetningar á röntgen-greiningartækjum (XRD-tækjum) hjá rágjafafyrirtæki í Stokkhólmi í september. Þetta var gert í tengslum við ferð í einkaverindum og bar OS ekki kostnað af fargjöldum.

Deildarstjóri forðafræðideilda JHD sótti ráðstefnu um forðafræði og hélt tvö erindi í Gautaborg í janúar. Hann sótti ráðstefnu Alterner í Barcelona á Spáni í nóvember. Einnig sótti hann stjórnarfund International Geothermal Association (IGA) og nefndarfund í aðildarnefnd IGA í Mexikó í nóvember.

Sérfræðingur á forðafræðideild JHD sótti vinnufund og hélt erindi á ráðstefnu um forðafræði, sem haldinn var í janúar í Stanford í Bandaríkjum. Annar sérfræðingur forðafræðideilda sótti ráðstefnu og tækjasýningu í október í Denver í Bandaríkjum.

The National Energy Authority (NEA) is an independent government organization under the Ministry of Industry.

The NEA advises the Icelandic government on energy policy by performing research and planning with the aim of satisfying the nation's energy needs whilst ensuring the most economical utilization of available energy resources.

The National Energy Authority works closely with the energy utilities developing the geothermal and hydropower potential of Iceland. The NEA also markets various services in energy research and exploration of geothermal areas and potential hydropower sites.

Upto the end of 1996 the NEA was or-

ganized into four main divisions; Administrative Division, Geothermal Division, Hydro Power Division and Energy Analysis Division. The NEA has been active in the fields of exploration, development and utilization of energy for over 40 years.

The total number of staff at the NEA in 1996 was 87, of which about 55 were specialists in the relevant fields of energy.

A Geothermal Training Programme, jointly sponsored by the Government of Iceland (70%), the United Nations University (14%) and EFTA/EEA funds because of Greece (16%), is run by the Geothermal Division. The Programme is aimed at providing post-

graduate geothermal training for specialists from developing countries.

ORKINT (Orkustofnun International Ltd.), which is an independent international service corporation, currently has consulting and service contracts with Turkey, Central America, Slovakia, P.R. of China, France, Ethiopia and CIS in cooperation with the Icelandic company, Virkir-Orkint Consulting Group Ltd.

### Information on organizational changes as of January 1, 1997

The former Hydro Power and Geothermal Divisions of the National Energy Authority in Iceland (NEA) were disbanded effective from 1 January 1997. From this date the National Energy Authority's activity is separated into the two independent units, called *Energy Administration and Energy Research Units*.

The Energy Administration unit is headed by the new Director General of Orkustofnun Dr. Porkell Helgason. It has two divisions: Energy Resources Division, headed by Haukur Tómasson,



Veðurstöð í Krepputungu, Herðubreið í baksýn. Vatnamælingar reka fjórar sjálfvirkar verðurstöðvar þar sem mældur er hiti, raki, vindhraði, vindstefna og loftþrýstingur. Settur var upp farsími við veðurstöðina í Krepputungu 1995 og hringir Veðurstofa Íslands þangað á klukkutíma fresti. Vegagerðin fær veðurupplýsingarnar og birtir í textavarpinu og á veraldarvefnum á slóðinni: <http://www.vegag.is/vedur.htm> ásamt fleiri sjálfvirkum veðurstöðvum. Ljósm. Sigvaldi Árnason.

*A remotely controlled meteorological station at Krepputunga, north of Vatnajökull ice cap. The station sends data to the Iceland Meteorological Office via mobile phone.*

and Energy Analysis Division, headed by Dr. Árni Ragnarsson. *The Geothermal Programme of the United Nations University*, headed by Dr. Ingvar Birgir Friðleifsson, also belongs to this unit.

The Energy Research unit is divided into two Divisions, Research Division, headed by Dr. Ólafur G. Flóvenz and Hydrological Service Division, headed by Dr. Árni Snorrason.

State funds allocated to Orkustofnun will be used for operating the Energy Administration Unit and the NEA General Directorate, as well as to finance research contracts via the Energy Administration, Energy Resources Division, for implementing energy and hydrological research.

The following summary of activities is based on the former organizational structure.

## The Administrative Division

The Administrative Division includes finance, personnel management, accounting and such ancillary services as library, computer, technical drawing office as well as editing of reports.

A total of 13,000 books are registered at the library and over 150 periodicals, both Icelandic and foreign are available there. This year 63 research reports were published by the authority.

Computer processing at the NEA is mainly conducted on a series of Hewlett Packard 9000/720 and 900/735 workstations running on X Window System as well as PC-computers as user terminals. The total ROM-memory of the computers is 584 Mbyte and the total internal memory almost 21 Gbyte.

The use of the Arc/Info geographical information system installed in 1993 gradually increases, particularly in geological map making and hydrological data processing. The system, which has proved very successful, will facilitate the acquisition and presentation of various kinds of information.

## Energy Analysis Division

The Energy Analysis Division is involved in energy forecasting, energy planning, energy system analysis and the compilation of data on energy use and production. The division prepares energy forecasts for the Energy Forecast Committee and publishes

forecasts for each individual energy sector.

Long-term power system planning forms part of the division's activity. Research in the field of long and short-term planning and system operation is, however, carried out by the division in cooperation with the power utilities. A report on energy prices in Iceland during the previous year is published each year.

Information on national energy production and consumption is supplied regularly to various multi-national organisations such as the UN, the OECD and WEC.

A study into the effects of operating disturbances in the electricity distribution system was ongoing.

## The Hydro Power Division

The Hydro Power Division assesses the hydro-energy potential of the country, its magnitude, distribution and economic value. The Division's main research duties are general research, technical investigations, and engineering planning. For this it employs about 20 specialists.

The Hydro Power Division operates the following two small laboratories: a) a sedimentology laboratory that specializes in the sediment load of rivers; b) a small biology laboratory for limnological research.

